



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hulduheimar

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra mat deildar	6
3 Ytra mat	26
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	29
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	29
6 Foreldrasamvinna.....	31
7 Skipulagsdagar	32
8 Fylgigögn.....	33
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	33
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	33
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	33
8.4 Fylgiskjal 4 - Leikskóladagatal.....	33
8.5 Fylgiskjal 5 – Deildarmat - mánaðarmat.....	33
8.6 Fylgiskjal 6 - Langtímamat.....	33



Leiðarljós leikskólans: Leiðarljós okkar eru orð Konfusiusar: „**Segðu mér ég gleymi, sýndu mér ég man, leyfðu mér að reyna, ég skil**“

Einkunnarorð okkar í leik og starfi eru **Virðing –Gleði – Vinátta**, leiðarljós okkar í samskiptum við börn, foreldra og samstarfsfólk (sjá skólanámskrá á heimasíðu bls. 7-10)

Virðing

- Við sýnum sjálfum okkur og öðrum virðingu með því að skiptast á að tala, við hlustum á aðra án þess að grípa fram í og bíðum eftir að röðin komi að okkur.
- Við biðjumst afsökunar þegar við meiðum, með orðum eða faðmlagi. Okkur líður vel þegar við erum beðin afsökunar og þegar við getum sjálf beðið afsökunar.
- Við berum virðingu fyrir umhverfi okkar.við göngum vel um bæði inni og úti. Við göngum frá eftir okkur, förum vel með hluti, flokkum og endurnýtum.

Gleði

- Við erum glöð þegar við getum bjargað okkur sjálf, þegar við fáum að prófa okkur áfram og uppgötva. Það gerum við með því að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín sem oftast með fjölbreyttum efniviði.
- Við erum glöð þegar við finnum að við getum og kunnum, og þegar við erum hvött til sjálfshjálpar og sjálfstæðis.
- Við einblínum á núvitund, njótum augnabliksins og sköpum jákvætt andrúmsloft með gleði því gleðin er smitandi.

Vinátta

- Við sýnum vináttu með því að vera góð hvert við annað og erum hvött til að leyfa öllum að vera með.
- Við leikum okkur saman, hjálpumst að og skemmum ekki fyrir öðrum.
- Við lærum að virða tilfinningar annarra, við skiptumst á og berum virðingu fyrir hvort öðru.



1 Greinargerð leikskólustjóra

Um miðjan júlí á síðasta ári féll starfsmaður í Hulduheimum frá mjög skyndilega. Hún hafði starfað hjá okkur til fjölda ára og skildi eftir stórt skarð í starfsmannahópnum. Haustið einkenndist mikið af þeim missi. En eins og áður hefur komið fram þá er sterkur og faglegur hópur að störfum í Hulduheimum sem snýr bökum saman þegar erfiðleikar steðja að og veitir hvort öðru styrk og skilning. Einnig var stuðningur og skilningur meðal foreldra mikill styrkur fyrir okkur. Edda aðstoðarleikskólustjóri sem hefur verið í fæðingarorlofi, er hætt störfum í Hulduheimum og óskum við henni velfarnaðar í framtíðinni. Jónína „Nenna“ sem hefur leyst Eddu af mun halda áfram að gegna aðstoðarleikskólustjóra stöðunni eitthvað fram eftir vetri.

Við lögðum upp með nokkra þætti á liðnu skólaári og má þar nefna kennsluaðferðina „Leikur að læra“. Við fengum námskeið í ágúst síðastliðnum um aðferðina og var mikill hugur í fólkinu að setja hana inn í dagskipulagið. Veturinn var nýttur til að þreifa sig áfram í kennsluaðferðinni og tengja hana við dagskipulagið. Í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkurborgar var ákveðið að tengja hana við félagsfærni barna en það er einn af þáttum menntastefnunnar og verður tekinn fyrir í leikskólanum á komandi vetri. Við settum okkur einnig það markmið að hefja markvissa vinnu með stærðfræðikubbana „Numicon“ síðasta vetur og ætluðu sjö starfsmenn að fara á námskeið í ágúst á síðasta ári sem ekki gekk eftir þar sem það var meira grunnskólamiðað. Ákveðið var að bíða með að hefja innleiðingu á kubbunum þar sem við setjum önnur verkefni í forgang þetta starfsár. Eitt af markmiðum okkar síðasta vetur var að móta eigin hegðunarstefnu og gekk það vel. Gerð var áætlun um innlögn á hegðunarstefnunni og var byrjað með þrjár megin reglur. Börnin hafa verið að tileinka sér þessar reglur í vetur og verður haldið áfram næsta vetur að byggja ofan á það sem komið er. Könnun var lögð fyrir börn í tveimur árgöngum leikskólans og benda niðurstöður til þess að flestum börnunum líði vel í leikskólanum (sjá endurmat barna bls. 20-26). Jafnframt var áætlað að betrubæta hljóðvist deilda, það hefur ekki komið til framkvæmda en er í vinnslu. Tvær eldri deildarnar eru að fá hljóðdempandi myndir inn á deild og einnig verða samskonar myndir settar í miðrymi skólans.

Barnaþing hefur verið stór þáttur í starfi skólans undanfarin ár en var ekki virkt á síðasta starfsári. Við stefnum á að endurvekja barnaþingið næsta vetur þar sem við teljum mikilvægt að virkja börnin í lýðræðislegri hugsun og þau fái tækifæri til að hafa áhrif á skipulag leikskólustarfsins. Matsalur fyrir eldri deildarnar tvær var í kortunum síðasta vetur en gekk ekki eftir, undirbúningur er hafin við matsal og mun hann vera tekin í notkun með haustinu.

Jólasamvera/verkstæði var nýbreytni hjá okkur síðasta vetur og mældist alveg einstaklega vel fyrir og er komið til að vera. Foreldrar og ættingjar barnanna voru mjög ánægð með framtakið. Danskennsla er einn af föstum liðum í starfinu og eru börn, foreldrar og starfsfólk einstaklega ánægð með danskennsluna sem verður áfram hluti af starfinu. Allt skólasamfélagið í Grafarvogi stefnir á að innleiða vináttuverkefni Barnaheilla „Blæ“ og höfum við þegar sent fjóra starfsmenn á námskeið. Vinnan við að



innleiða verkefnið mun hefjast af fullum krafti á nýju skólaári. Þetta verkefni mun fléttast inn í félagsfærniþáttinn okkar í nýju menntastefnunni.

Gaman er að upplýsa ykkur um að við munum opna ungbarnadeild í haust á Álfhóli. Miklar breytingar verða gerðar á deildinni hiti er settur í gólf, deildin máluð, snyrting tekin í gegn og keypt ný húsgögn. Það verður sett hurð á deildina sem gengur út í norðurgarð en þar verður útbúið leiksvæði fyrir yngstu börnin. Einnig mun hluti af garðinum okkar vera tekinn í gegn þar sem gert er við gömul leiktæki, nýtt undirlag sett og nýjum leiktækjum bætt við. Við hlökkum til næsta starfsárs í góðri samvinnu við börn, foreldra og starfsfólk leikskólans.

1.2 UMBÓTAÁÆTLUN 2019-2020

Umbótaþættir Hulduheimar	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Leikur að læra	Að innleiða kennsluáferðina „Leikur að læra“	Námskeið fyrir allt starfsfólk og eftirfylgni frá starfsfólki „Leikur að læra“ kennsluáferðarinnar	Hefst með námskeiði 23. ágúst. Lýkur í maí 2020.	Stjórnendur, deildarstjórar og allt starfsfólk	Deildarmat 1x í mánuði (sjá fylgiskjal 8.5) mánaðarmat Setja á laggirnar matsteymi. Innleiðingarferlið metið á starfsmannafundi í apríl.	Að „Leikum og lærum“ sé virkt og endurspeglit í starfi skólans. Skoða mat frá deildarfundum.
Vináttuverkefnið „Blær“	Að allar deildar fari að vinna með vináttuverkefnið „Blær“.	Deildarstjórar eru búnir að fara á námskeið og þeir þurfa að þjálf og kenna öllu starfsfólki að nota verkefnið.	Byrja í sept/okt. 2019 og lýkur í maí 2020	Stjórnendur, deildarstjórar og allt starfsfólk.	Metið á deildarfundum í hverjum mánuði. Innleiðingarferli og hvernig gengur er metið á starfsmannafundi í des.	Að vináttuverkefnið sé virkt og endurspeglit í starfi leikskólans.
Matsalur	Að setja upp matsal fyrir eldri deildar	Þarf að skipuleggja það rými sem hugsað er fyrir matsalinn.	Unnið í ágúst/sept. Lokið 1. okt 2019	Stjórnendur og deildarstjórar	Metið á fyrsta stjórnendateymisfundi í október 2019	Að börnum og starfsfólki líði betur í afslappaðra umhverfi á matartímum. Að efla barnið félagslega og gera það sjálfstæðara.



Félagsfærni	Að auka hæfni einstaklingsins til að eiga árangursrík og jákvæð samskipti.	Frjáls leikur, að kennari sé til staðar í leik barnanna og með vináttuverkefninu „Blæ“ og „Leikur að læra“	Ágúst/ sept 2019 og lýkur í maí 2020	Ábyrgðaraðili er deildarstjóri. Framkvæmt af deildarstjóra og deildarstarfsmönnum.	Matstækið er gátlisti um „sjálfsmynd og félagsfærni“ sem unninn er fyrir foreldraviðtöl í okt/nóv og mars/apríl. TRAS fyrir börn tveggja ára og eldri. Umræður á deildarfundum.	Niðurstöður úr gátlista og umræðum á deildarfundum.
Barnaþing	Að börnin geti haft áhrif á umhverfi sitt.	Barnaþing einu sinni í mánuði, 5-6 börn í hóp. Barnaþing er fyrir tvo elstu árgangana. Börnin svara fyrirfram ákveðnum spurningum. Unnið verður út frá svörum barnanna.	Okt og nóv, febr, mars og apríl.	Deildarstjórar og stjórnendur barnaþings.	Endurmetið í lok hvers barnaþings.	Myndrænar og skriflegar skráningar

2. Innra mat deilda

Innra mat Álfhóls

Móttaka barna, lögð er áhersla á jákvæðni, gleði, ávallt farið til barnsins ef það kemur ekki hlaupandi til okkar, augnsamband og snerting. Frjáls leikur að morgni og morgunverður, ávallt lögð áhersla á málörvun við matarborðið. Breyting var gerð í vetur þar sem byrjað var fyrir kl. 9:00 að vinna með börnin í litlum hópum, farið var í flæðilestur, tónlistarsund og unnið með einstök börn sem þurftu á meiri þjálfun að halda. Hreiðrið var nýtt í þetta, á meðan voru hin börnin ýmist í leik á gólfinu/lesa bók með kennara eða að ljúka morgunverð. Vorum ánægðar með þetta fyrirkomulag, minna álag, rólegri tími og ekki sífellt verið að taka saman efnivið eða að brjóta upp leik. Í lok dags þegar tækifæri gafst til upplýstu starfsmenn foreldra um dag barnsins.

2019 Það sem hefur gengið vel í vetur:

Fyrir hvern mánuð var sett upp námsáætlun sem unnin var út frá skólanámskrá, starfáætlun og skóladagatali. Hún var kynnt starfsmönnum á deildarfundum í upphafi mánaðar, eða þeir hvattir til að lesa hana sjálfir, endurmetin af deildarstjóra og starfsmönnum í lok mánaðar. Námsáætlun var sýnileg á vegg og auðvelt er að fara eftir henni.

Viðburðadagatal var skýrt, það var kynnt starfsfólki og sent í pósti til foreldra til að upplýsa þá um það sem var fram undan í mánuðinum. Það hengt á hurð deildar og inn á deild.

Dagskipulag var einfalt, auðvelt að fara eftir því, þar var komið fyrir öllum þáttum sem gert var ráð fyrir að vinna með og rúmur tími áætlaður. Lagt var upp með að minnka álag á börn og starfsfólk, að við næðum að klára það sem þurfti að gera, það tókst.



Flæði lestur, farið var með 2-4 börn inn í hreiður, bók var lesin fyrir öll börnin, sama bókin var svo lesin fyrir hvert barn fyrir sig. Barn sat í fangi kennara, bók snúið þannig að hin börnin sjá líka. Góð málörvunar stund, börnin mjög áhugasöm og glöð að koma, taka þátt.

Útivera, farið var út daglega stundum tvisvar á dag, börnin jákvæð og dugleg að leita eftir aðstoð ef þau þurftu. Sjálfstæði og úthald er mun meira en í upphafi vetrar og lítið um að þau gráti.

Tónlistarstundir voru einu sinni í viku 4-5 börn í einu ca. 10-15 mín. Lögðum áherslu á að vera í hóp, taka tillit, skiptast á, hugtök, að syngja/spila og hafa gaman. Börnin mjög áhugasöm sem sést m.a. á mynda skráningum.

Verkefnið „barn vikunnar“ var tengt Lubba í vetur. Einn starfsmaður bar ábyrgð á verkefninu, sá um að minna foreldra á að koma t.d. með leikfang og myndir að heiman og gerði skráningu fyrir barnið. Lubbalögin voru spiluð vikulega og eru börnin farin að tileinka sér hreyfingar fyrir nokkra stafi og syngja með. Einnig var Lubbakassi með upphafsstaf barnsins skoðaður en bókin var ekki lesin.

Öll vinna í fataklefanum gekk vel, fórum fram með 2-4 í einu, lögðum áherslu á sjálfshjálp og málörvun. Gáfum okkur tíma í að klæða börnin, þau grétu minna og voru greinilega ánægð og leið vel. Tækifæri skapaðist fyrir börnin að æfa sig í að klæða sig sjálf þegar leið á veturinn. Sama fyrirkomulag var þegar börnin voru tekin inn, 2-4 börn í einu, farið með þau inn á deild áður en næsti hópur kom í fataklefa. Álag meðan á skiptingu stóð fyrir hádegismat varð lítið, börn og starfsmenn voru ánægð með þetta fyrirkomulag.

Jólaundirbúningur hófst í byrjun nóvember sem er fyrr en venjulega, höfðum því góðan tíma og skapaðist notaleg jólastemning. Unnum í samvinnu við Sólskinsbæ sem gekk vel. Lögð var áhersla á að börnin fengju einstaklingsmiðað nám og næðu að njóta sín í jólaundirbúningnum. Starfsfólk talaði um hvað þetta var góður tími, laus við stress og álag.

Verkefnaval í sköpun tók ýmist mið af námsáætlun eða af áhuga barnanna. Áhersla var á að vinna með fá börn í einu og að þau fengju góðan tíma og nytu sín.

Samverustund fyrir hádegi gekk vel eftir að starfsfólk varð virkara. Öll börnin voru saman og var áhersla á að syngja en stundum var gert eitthvað annað. Börnin nutu sín og lærðu mörg lög og hreyfingar tengdar þeim. Ánægja var hjá foreldrum yfir söngbók sem var send heim og greinilegt að sum barnanna voru að syngja lögin heima.

Tíminn eftir hádegi var nýttur til ýmissa verkefna samkvæmt námskrá s.s þjálfun fínhyfinga, perla, púsla ofl. Samvinna var á milli yngri deilda á þessum tíma og fengu börnin að flakka á milli svæða eða velja sér frjálstan leik í dúkkukrók.

Áhersla hefur verið á leik og félagsfærni þar sem starfsfólk var mikið á gólfinu með börnunum, ávallt til staðar, leiðbeindu og gripu inn í þegar þörf var á. Börnunum var skipt í litla hópa inn í hreiðri, aðalstofu og frammi fyrir framan deild, en það er nauðsynlegt að gera það m.a. til að stuðla að minna áreiti og betra málumhverfi fyrir börnin. Starfsmenn eru ánægðir með hvernig til tókst, sjáum að börnunum líður betur í smærri hópum, þau njóta sín, minna er um árekstra í 4-5 barna hóp og starfsmenn ná betur til barnanna. Við sjáum greinilega ávinninginn á því að skipta þeim upp í smærri hópa þegar fjarvera barna er mikil á deildinni vegna veikinda og einungis 4-5 börn inni í hreiðri og í aðalstofu. Þá sjáum við hvað börnin eru ánægð og að þeim líður vel. Svona ung börn dvelja stutt í verkefnum og eru mikið á ferðinni og því er það ekki það sama og skipta 10-12 börnum í tvö verkefni í aðalstofu þar sem það gengur illa.

2019 það sem betur má fara og þarf að endurskoða:



Aðlögun gekk ágætlega en ýmislegt hefði mátt gera betur. Óvænt fráfall deildarstjóra hafði mikil áhrif þó allir væru að reyna sitt besta. Börnin á deildinni endurnýjuðust nánast alveg, tveir nýir starfsmenn komu inn og fengu nánast enga þjálfun en fyrir var starfsmaður í 100% vinnu og einn í 55%, álag var mikið. Foreldrar gerðu eins og gefur að skilja miklar kröfur og stundum óraunhæfar sem reyndist erfitt að uppfylla, upp komu aðstæður sem koma hefði mátt í veg fyrir ef mannauður hefði verið til staðar. Útiaðstaða var ekki góð fyrir þessi ungu börn og höfðu foreldrar miklar áhyggjur af börnum sínum sem skiljanlegt var.

Byrjuðum með „Leikur að læra“ eftir áramót og gekk það á margan hátt vel, börnin mjög ánægð, spennt að taka þátt og móttækileg. Prófuðum okkur áfram með verkefni og fjölda barna í hóp, tókum myndband og gerðum mynda skráningu. Stundin féll of oft niður vegna fjarveru starfsmanna og að ekki var gert ráð fyrir þessu upphaflega í dagskipulagi. Settum inn í umbótaáætlun leiðir til að þessar stundir fái fastan tíma í dagskipulagi.

Útinám gekk ekki vel, börnin voru ung, áttu erfitt m.a. að fóta sig á ósléttu undirlagi, úthald og áhugi lítill, mikið grátið. Gerðum ekki námsáætlun fram í tímann eins og ákveðið var. Starfsfólk greip tækifærið í útiveru og vakti áhuga barnanna á umhverfi sínu, teljum þá aðferð henta ungum börnum betur í útinámi.

Lubbastundir þar sem átti samkvæmt umbótaþáttum að skipta börnunum í litla hópa gekk ekki nægilega vel, vorum oft með stóran hóp. Ekki gekk vel að leggja inn 2 stafi/hljóð á mánuði eins og gert var ráð fyrir. Settum inn breytingar í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Endurmat Umbótaþátta 2018-2019

Útinám: Farið var með 2016 börnin í gönguferð síðasta haust, gekk vel. Skipulagt útinám gekk ekki, börnin ung, áttu erfitt m.a. að fóta sig á ósléttu undirlagi. Ekki var gerð áætlanagerð.

Lubbastundir: Tengdum barni vikunnar, það gekk vel en við vorum með of stóra hópa. Lásum það sem foreldrar skrifuðu en lítill áhugi hjá börnunum.

Flæði/stöðvavinna: Gekk mjög vel ætlum að halda þessu áfram með aðeins breyttu fyrirkomulagi, sjá í umbótaþáttum næsta skólaárs.

Dúkkukrókur: Færðum til skápa, afmörkuðum svæði fyrir dúkkukrök og kubba, erum mjög sáttar við svæðið og er það vel nýtt af börnunum. Kláruðum ekki að útfæra hugmynd okkar eða setja inn efnivið m.a. vegna hugmynda um að taka þetta svæði undir listakrök fyrir eldri deildar.

Lestur bóka: Settum inn í dagskipulag á miðvikudögum gæða stund í lestri, þessu var vel fylgt eftir, börn og starfsfólk ánægð með þetta fyrirkomulag. Eftir áramót var setur upp merkingarlisti, stefnum á að vera með lista fyrir næsta vetur. Starfsfólk var duglegt við að skoða bækur daglega með börnunum. Börnin höfðu frjálst aðgengi að bókum í bókahillu.

Álfhóll 2019-2020 Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
---	------------------------	------------------------	-----------------	---------------	-----------------------------------	-------------------



Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Efniviður fyrir könnunar-leikinn.	Safna fjölbreyttum efniviði og umbúðum. Hafa efnivið aðgengilegan fyrir starfsfólk.	Fara yfir það sem er til, biðla til samstarfsfólks, foreldra, senda póst.	Hefst í sept. tilbúið í nóvember	Deildarstjórar	Förum yfir það sem hefur safnast og flokkum í ílát. Lok október.	Útkoman verður skemmtilegur könnunarleikur
Könnunar-leikur	Að öll börn fái eina stund í viku. Skrá á viðverulista.	Tími í dagskipulagi. 4 skipulagðar stundir, 4 börn í hóp.	Hefst, nóv 2019 Lokið apríl/maí 2020	Ábyrgðaraðili; deildarstjórar, framkvæmt, deildarstjórar/deildarstarfsmenn	Á deildarfundi/undirbúning í desember og febrúar	Að barnið fái tækifæri til að leika sér með fjölbreyttan efnivið. Mynda og texta skráningar 2x á starfsárinu. Viðveru merkingar listi
Viðveru-merkingar	Að fylgjast með að hvert barn fái skipulagðar stundir þ.e. tónlistarstundir, flæðilestur, könnunarleik, „leikur að læra“ og sértæka þjálfun.	Hafa viðverulista sýni/aðgengi lega á hverju svæði þar sem skipulagðar stundir fara fram.	Okt 2019.	Deildarstjórar og deildarstarfsmenn.	Í undirbúningstíma.	Hvernig gengur að merkja við á viðverulista.
Dúkkukrókur	Betra aðgengi að efniviði, auðvelda börnunum að víkka út frjálsta leikinn.	Endurskipuleggja svæði fyrir framan yngri deildar.	Á að vera lokið í október.	Deildarstjórar, leikskólastjóri.	Endurmetið á deildarstjórafundum í lok október 2019	Skoða svæðið og leik barnanna.
Leikur að læra	Hvert barn fái eina stund í viku.	Unnið í fámennum hóp, 4 börn í hóp.	Feb 2020	Deildarstjórar og deildarstarfsmenn.	Deildarfundum í lok febrúar 2020.	Tókst að vekja áhuga barnanna og tóku þau þátt í leikum. Ljósmyndaskráning.
Lubba stundir	Stundirnar verði einu sinni í viku. Unnið verður með upphafsstaf barns vikunnar, tengt saman. Hlustað á Lubbalög reglulega.	Unnið verður í fámennum hóp, 4-5 börn. Stafur barnsins skoðaður með Lubba og hlutir úr Lubba-kassanum. Upphafsstafur barnsins er hafður sýnilegur á vegg deildar.	Okt 2019	Deildarstjórar og starfsfólk deildar. Mikilvægt að starfsmenn sinni þessu vel og sýni áhuga og frumkvæði.	Endurmetið á deildarfundi, mánaðarlega. Skráningar, mynd/texti	Að börnin þekki Lubba og kannist við tákni upphafsstafs síns. Skráningar mynd/texti.



Skráningar	Hvert barn fái 8 skráningar yfir skólaárið.	Fylgjast með barni í leik og starfi. Ljósmyndir.	Sept. 2019 Allt skólaárið	Deildarstjórar og starfsfólk deildar.	Endurmetið í undirbúnings-tíma, nóv, apr.	Skráning fer í ferilmöppu sem fylgir barninu út leikskólaárin.
Flæði – stöðvavinna	Að virkja starfsfólk í starfi með því að fela þeim ábyrgð á hverju svæði, vika í senn.	Áætlun um hvað hver á að gera á hverju svæði og hvenær.	Hefst, okt 2019 Út skólaárið	Deildarstjórar og deildarstarfsmenn	Á deildarfundi í lok hvers mánaðar.	Með skriflegri skráningu þar sem hver starfsmaður kvittar fyrir sig hvernig til tókst.

Innra mat Kardemommubæjar vorið 2019

Haustið 2018 hófst á aðlögun sjö barna frá Sjónarhóli sem er deild innan leikskólans. Eitt barn bættist svo í hópinn í febrúar. Jafnaldrar, tuttugu og tvö börn kveðja því Kardemommubæ og byrja í grunnskóla í haust. Skólaárið hefur verið viðburðaríkt og vonandi höfum við náð að hlúa að hverju barni og hvetja það til að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Auk þess að styrkja sjálfmynd þeirra og tilfinningu fyrir eigin getu.

Hér verða nefnd atriði sem hafa gengið mjög vel í starfinu.

Samstarf við Vættaskóla – Borgir og Frístundaheimilið Hvergiland var ánægjulegt og fróðlegt. Öryggi barnanna jókst og auðveldar samstarfið börnunum flutning á milli skólastiga.

Árvisst er að elstu börnum leikskólans sé boðið að njóta og kynnast menningu og listum utan leikskólans. Á skólaárinu var börnunum tvisvar boðið á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og á leiksýningu hjá Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu. Slökkviliðið heimsótti börnin og var með fræðslu um eldvarnir og kynnti fyrir þeim störf slökkviliðsmanna og búnað. Auk þess sáu börnin um að kanna og hafa eftirlit með brunavörnum leikskólans. Umferðaskólinn kom með umferðafræðslu á vorönn. Strætó bauð börnunum að kynnast starfsemi sinni og farið var með börnin í Árbæjarsafn, Alþingishúsið, Landhelgisgæsluna og Sjóminjasafnið auk styttri ferða um hverfið.

Foreldrasamstarf gekk vel og tóku m.a. foreldrar þátt í að meta nám og stöðu barnsins og gera einstaklingsáætlun. Foreldrar töluðu að jafnaði um að börnunum liði vel og að væru ánægð í leikskólanum. Einnig nefndu nokkrir foreldrar að fjölbreytt og gott starf væri unnið á deildinni. Um það bil helmingur barna á deildinni tók þátt í að endurmeta nokkra þætti í starfinu. (sjá endurmat barna bls. 20-26).

Aðrir þættir sem hafa gengið mjög vel eru að lesa reglulega fyrir börnin, syngja með þeim og að ræða og efla virðingu, gleði og vináttu. Jarðskjálftaæfingar, sögustundir í Borgarbókasafninu Spönginni, danskensla, íþróttatímar og umhverfisviku gengu vel, einnig jólaundirbúningur þar sem m.a. var lögð áhersla á efla samkennd og að vekja athygli á styrkleika barnanna. Barn vikunnar gekk mjög vel en þar eru börnin m.a. markvisst hvött til að efla frásaganahæfni sína og tjáningu.

Í maí buðu börnin foreldrum og gestum á kveðjustund/útskriftarhátíð í hátíðarsal Vættaskóla-Borgum. Undirbúningur náði yfir allt skólaárið og skreyttu börnin sviðið og deildina sína í tilefni stundarinnar. Á sviðinu buðu þau alla velkomna, hvert barn kynnti sig og tvö til þrjú börn hjálpuðust að við að kynna lögin sex sem sungin voru. Börnin stóðu sig öll mjög vel og stoltir kennarar og foreldrar klöppuðu vel fyrir þeim. Veitingar voru síðan snæddar í leikskólanum. Útskriftarferð var farin stuttu síðar og að þessu sinni var farið í Ásmundasafn, borðað á veitingahúsinu Laugaás, farið í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og komið við í ísbúð á leið aftur í leikskólann. Skemmtileg ferð og allir ánægðir með daginn.



Endurmat Kardemommubæjar úr starfsáætlun 2018 - 2019

Lubbastundir verði einu sinni í viku: Lubbastundir voru settar inn í samverustund að morgni einu sinni í viku en ekki gekk að hafa þær eins oft og til stóð eða að virkja aðra starfsmenn að hafa stundirnar. Börnin voru oft komin í góðan leik og fannst starfsmönnum mikilvægara að trufla þau ekki og gefa þeim góðan tíma fyrir leikinn. Einnig voru önnur verkefni látin ganga s.s. Barn vikunnar, lestur bóka, syngja með börnunum, sögugerð, skólasamstarf, menningaviðburðir og fleira. Þess má geta að eitt af verkefnum sem börnin fengu þegar þau voru Barn vikunnar var að semja sögu þar sem fjárhundurinn Lubbi kom við sögu. Barnið sagði söguna í leikskólanum eða fékk aðstoð við að lesa hana í samverustund. Um áramót voru Lubbastundir settar inn í hópastarf og einnig sér stundir til að efla hljóðkerfisvitund og gekk þá betur um tíma en eins og áður voru heimsóknir á menningarviðburði og annað sem tóku tíma og vildu þá stundirnar falla niður.

Styrkleikar: Börnin voru áhugasöm um lestur bóka, bókstafi, ritmál og að taka þátt í hljóðkerfiseflandi verkefnum.

Tækifæri til umbóta: Skrá hvernig unnið er með hvern aldursflokk í Lubbastundum og leggja inn tvo til þrjá stafi í mánuði. Halda áfram með að efla hljóðkerfisvitund barnanna.

Útinám: Að börnin fari í útinám/vettvangsferðir tvisvar í mánuði. Gekk nokkuð vel s.s. með útinámi haust og vor, vettvangsferðum í grunnskóla, frístundaheimili, á menningarviðburði, söfn og fleira. Einnig tókst vel að gera skráningar um útnám og ferðir.

Styrkleikar: Almenn ánægja var hjá börnum og starfsmönnum með að taka þátt í menningarviðburðum og fara í ferðir út fyrir leikskólalóðina. Börnin fengu tækifæri til að njóta fjölbreyttrar menningar og lista og voru hvött til að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru.

Tónlistastundir: Lögð var áhersla á hljóðgjafa, ljóð og þulur. Þessi þáttur tókst nokkuð vel þó að ekki hafi tekist að hafa tónlistarstundir einu sinni í viku eins og áætlað var. Viðmiðið sem við settum okkur tókust. Börnin lærðu tvær þulur nokkuð vel og kynntumst ýmsum hljóðgjöfum í tónlistastundum í leikskólanum og með heimsókn í Hörpuna þar sem þau hlustuðu á Sinfóníuhljómsveit Íslands flytja tvö tónverk. Einu sinni í viku hlustuðu þau á uppáhaldslög jafnaldra sinna í tengslum við verkefnið Barn vikunnar. Jafnframt var mikið sungið og nokkur hugtök tónlistar tekin fyrir. Börnin æfðu sex lög sem þau sungu fyrir foreldra og gesti í hátíðarsal Vættasóla – Borgum. Á haustönn 2018 var dansnámskeið með danskennara og börnin æfðu sig að dansa eftir hljómfalli tónlistar.

Styrkleikar: Börnin voru ánægð með að koma með uppáhalds lögin sín í leikskólann og gaman að tengja það við Barn vikunnar. Eins og fram kemur hér að ofan hafa börnin tekið þátt í fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum tengd tónlist. Auk þess stóðu þau sig mjög vel þegar þau sungu fyrir foreldra og gesti.

Tækifæri til umbóta: Ætla okkur ekki um of og hafa því tónlistarstundir að meðaltali einu sinni í mánuði og leggja áherslu á að læra þulur og ljóð, hlusta á tónverk og að þau fái tækifæri til að skapa og tjá upplifun sína í tengslum við verkefnin s.s. með leikrænni tjáningu/teiknitúlkun.

Einstaklingsnámskrá: Markvissari vinna til aukins náms og þroska í samvinnu við foreldra. Einstaklingsnámskrár barnanna voru unnar með foreldrum á haustönn og endurmetnar með þeim á vorönn. Farið var yfir einstaklingsnámskrárnar á deildarfundum og voru þær aðgengilegar á deildinni. Starfsmenn tóku virkan þátt í að fylgja þeim eftir og að endurmeta þær á vorönn fyrir foreldraviðtölin. Síðastliðið haust var gerð athugun, Hljóm-2, á hljóð- og málvitund hjá tuttugu og einu barni á deildinni. Niðurstöður sýndu að átta börn voru með góða færni, tíu börn með meðalfærni og að þrjú börn voru með mjög slaka færni. Niðurstöður voru kynntar fyrir foreldrum og starfsmönnum að hausti. Jafnframt



var gerð áætlun um að efla enn frekar hljóðkerfisvitund barnanna og foreldrar hvattir til að gera það sama heima s.s. með aðstoð verkefnablaða.

Skimunarprófið Hljóm-2 var endurtekin í byrjun árs 2019 hjá þeim börnum sem sýndu slaka niðurstöðu í einstökum þáttum eða heildarniðurstöðu. Markvisst var unnið með hljóðkerfisvitund í leikskólanum og gekk vel að efla hjóð- og málvitund barnanna og sýndu þau góðar framfarir.

Styrkleikar: Þessi þáttur er fastur liður í starfinu og hefur fest rætur.

Tækifæri til umbóta: Til að efla þátt barnanna í námi sínu er æskilegt að þau fái tækifæri til að setja sér markmið, koma með hugmyndir að leiðum að þeim og meta hvernig til tókst.

Bæta upplýsingaflæði til foreldra á Facebook síðu deildarinnar: Upplýsingaflæði til foreldra var nokkuð gott þó ekki hafi tekist að setja inn á Facebook síðu deildarinnar einu sinni í viku. Eftir að persónuverndarlögin tóku gildi var hætt að setja myndir inn á síðuna en að jafnaði var sett inn á síðuna u.þ.b. tvisvar í mánuði. Einu sinni í mánuði var foreldrum sent í tölvupósti mánaðardagatal með upplýsingum um helstu viðburði og af og til stuttur póstur um ýmislegt um starfið á deildinni. Við teljum því að upplýsingaflæði til foreldra sé nokkuð gott en líkleg má alltaf gera betur og höfum við það í huga næsta starfsár.

Hegðunarkennsla: Að gera hegðunarkennslu markvissari fór vel af stað á haustönn og þrjár reglur lagðar inn. Einnig var farið vel yfir fjórar reglur leikskólans sem hafa verið í gildi í nokkur ár. Á skólaárinu var reglulega farið yfir reglurnar og rætt við börnin um tilgang þeirra. Auk þess voru félagsfærnisögur lesnar af og til og börnunum leiðbeint um viðeigandi hegðun. Forvarnaverkefnið Blær var keypt fyrir leikskólann auk þess sem starfsmenn fóru á námskeið um námsefnið. Öll umræða með börnunum um viðeigandi hegðun og reglur er mikilvæg, auk þess að minna á og fylgja vel eftir reglum. Jafnframt að láta þau vita þegar vel gengur.

Styrkleikar: Það auðveldar börnunum að fylgja reglum þegar þau eru meðvituð um þær. Einn starfsmaður fór á námskeið um Vináttuverkefnið Blæ. Nokkrar sögur voru lesnar og ræddar með börnunum og er þetta verkefni góð leið til að fá börn og starfsfólk til að velta fyrir sér hvernig framkoma okkar getur haft áhrif á líðan annarra.

Tækifæri til umbóta: Gera ráð fyrir Vináttuverkefninu Blæ í starfi með börnunum

Bæta merkingar á deild: Gekk nokkuð vel þó alltaf megi gera betur. Skúffur barnanna merktar á deildinni og hólfin þeirra í fataklefa. Einnig hvar börnin sitja í samverustundum og hvert barn var með sitt nafnspjald til að þau gætu æft sig að skrifa nafnið sitt. Auk þess nokkrar merkingar aðrar s.s. hvar hluti af leikefni deildarinnar var staðsett. Bætt var við merkingum á hlutum á salerni og fönurvagni og formin gerð sýnileg. Um áramót var búið til leikfangasafn fyrir allan leikskólann og í kjölfarið fækkuðum við leikföngum og húsgögnum á deildinni.

Styrkleikar: Börnin vita hvar þeirra staður er í samverustund og fataklefa og hvar þau geta gengið frá myndum sínum. Nafnspjöldin voru mikið notuð og þau dugleg að sækja þau til að æfa sig að skrifa nafnið sitt og annarra. Kosturinn við leikfangasafnið er að nú er auðveldara að skipta um leikefni og viðhalda leikáhuga barnanna.

Kardemommubær 2019 - 2020 Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
--	---------------------	---------------------	------------	---------------	-----------------------------	-------------------



Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnih ópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Læsi Lubbastundir	Að efla orðaforða, hljóðkerfis-vitund barnanna og áhuga þeirra á ritmáli.	Skrá áherslur í Lubba-stundum eftir aldri barna. Leggja inn tvo til þrjá stafi á mánuði og hlusta á Lubbalögin. Að m.k. tveir starfsmenn hafi umsjón með Lubba-stundum.	Hefst sept. 2018 lokið maí 2019	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma.	Yfirlit yfir skipulag stunda og skrá viðfangsefni og virkni barnanna. Endurmetið mánaðarlega á deildarfundum.	Áhugi og virkni barnanna. Niðurstöður úr Hljóm-2 hjá elstu börnunum.
Tónlist og sköpun	Að auka fjölbreytileika í tónlist og sköpun	Að hafa tónlistar-stundir að meðaltali einu sinni í mánuði. Leggja áherslu á ljóð, þulur og að börnin hlusti á tónverk og vinni með það s.s. með leikrænni tjáningu/teiknitúlkun.	Hefst sept. 2019. Lokið maí 2020.	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma	Endurmeta mánaðarlega á deildarfundum. Skráningar með myndum.	Börnin læri a.m.k. tvær þulur, kynnist tónverki og fái tækifæri til að skapa og tjá upplifun sína.
Sjálfsæfing/ Einstaklings-námskrá	Að elstu börnin fái tækifæri til að setja sér markmið, koma með tillögur að leiðum í eigin námi og að meta hvernig gekk.	Aðstoða börnin við aðskrá markmið sín og að fylgja þeim eftir.	Okt. 2019 jan. og maí 2020.	Deildarstjóri, starfsmenn deilda framkvæma.	Í samtali við börnin/ skráningar-blöð og umræða á deildarfundum.	Að auka vitund barna um að þau geti haft áhrif á nám sitt.
Leikur að læra	Að allt starfsfólk deildarinnar þekki og geti unnið með „Leikur að læra“ í leik og starf með börnunum.	Námskeið á skipulagsdegi 23. ágúst og vinnustundir með börnunum einu sinni í viku á dagskipulagi.	Sept. 2019 – Maí 2020	Tengiliður deildar	Tveir starfsmenn sjái um stundirnar og skrái hvað var gert og hvernig gekk. Farið yfir á deildar-	Að „Leikur að læra“ sé virkt og endurspeglit í starfi skólans.



					fundum einu sinni í mánuði.	
Vináttu-verkefnið Blær	Innleiða forvarna-verkefnið, Blær, gegn einelti.	Gera skipulag um hvernig við ætlum að vinna með Vináttu-verkefnið og fylja því skipulagi eftir.	Hefst í sept. 2019 og lokið í maí 2020	Deildarstjóri, starfsmenn deilda framkvæma.	Yfirlit yfir skipulag stunda og skrá viðfangsefni og virkni barnanna. Endurmetið mánaðarlega á deildarfundi.	Auka vitund barnanna um gildi jákvæðra samskipta.

Innra mat Sjónarhóls skólaárið 2018-2019

Aðlögun barna frá yngri deildum gekk vel en fljótlega kom í ljós að barnahópurinn var krefjandi, mörg börn með hegðunarvanda eða þurftu á sérstuðningi að halda. Á grundvelli þessa og fyrirhugaðra starfsmannabreytinga á deildinni um áramót var sótt um aukið fjármagn í sérkennslu í samráði við Miðgarð, þjónustumiðstöð hverfisins. Það varð úr að deildin fékk úthlutað 50% viðbótar stöðugildi fyrir deildina. Tveir starfsmenn deildarinnar hættu um áramót og fór þriðji starfsmaður deildarinnar í veikinda leyfi í október. Þannig að upphaf starfsársins einkenndist af miklu álagi á bæði börn og starfsfólk. Þrátt fyrir erfiðleika í upphafi vetrar þá gekk okkur ágætlega að fylgja eftir umbótaþáttum vetrarins. Einn af mikilvægustu eiginleikum starfsfólks í leikskóla er jákvæðni, sveigjanleiki og að hugsa í lausnum. Ofangreint hefur einkennt starfsmannhópinn og það að einfalda dagskipulag deildarinnar hefur minnkað álag. Gerð var áætlun um innlögn á hegðunarstefnunni okkar og voru kynntar þrjár megin reglur. Einnig var börnunum kennt að nota setninguna „stopp kæri vinur“ og sjáum við að þessi einfalda setning hjálpar börnunum í samskiptum. Í maí lögðum við könnun fyrir elstu börnin og benda niðurstöður til þess að flestum börnunum líði vel í leikskólanum (sjá endurmat barna bls. 20-26). Á starfárinu var áætlað að vinna með tvær nýjar kennsluaðferðir, Numicon og „Leikur að læra“. Við eigum námsefnið numicon og hafa börnin fengið að leika með það og kynnast því. Einnig vorum við svo lánsöm að einn starfsmaður hafði reynslu af vinnu með aðferðinni og var unnið verkefni því tengt á degi stærðfræðinnar. Á næsta starfsári ætlum við að hafa Númicon kubba sem hluta af leikefni leikskólans. Grunnnámskeið í „Leikur að læra“ var á skipulagsdegi í ágúst sem gekk mjög vel og mikill áhugi hjá starfsfólki. En þar sem flest starfsfólk deildarinnar hætti um áramót tókst okkur ekki að festa „Leikur að læra“ í starfi deildarinnar. Endurtaka á grunnnámskeið í „Leikur að læra“ á næsta skipulagsdegi og setja „Leikur að læra“ stundir inn í dagskipulagið, einu sinni í viku.

Hér á eftir kemur mat á námsáætlun deildarinnar.

Endurmat:

Námsáætlun deildar:

Námsáætlun var sett upp fyrir hvern mánuð sem unnin var út frá skólanámskrá, starfsáætlun og skóladagatali. Hún var kynnt starfsmönnum á deildarfundi í upphafi hvers mánaðar og endurmetin í lok mánaðar.

Lubbastundir:

Styrkleikar: Lubbastundir hafa gengið nokkuð vel og tókst okkur að fara yfir tvo til þrjá stafi í hverjum mánuði og merkjum við að börnin eru mun áhugasamari þegar við notum Lubbakassana og förum í leik



með Lubbaseinin t.d. feluleik. Flest allir stafsmenn hafa verið virkir í að taka stundirnar og skrá þátttöku barnanna.

Tækifæri til umbóta: skrá hvernig unnið verður með Lubba fyrir hvern aldurshóp. Mættum gera meira af því að hlusta á Lubbalögin til að börnin þekki þau betur.

Útinám:

Styrkleikar: Við skiptum börnunum í tvo hópa og tókst að fara með hvern hóp a.m.k. einu sinni í mánuði. Börnin eru mjög áhugasöm í útinámi og gönguferðum um hverfið. Í upphafi vetrar héldum við okkur í Norðurgarði leikskólans. Það er gaman að segja frá því að nú eru börnin mun virkari og áhugasamari og fylgja reglum í vettvangsferðum og útinámi betur en áður og ætlum við að halda ofangreindu fyrirkomulagi næsta skóla ár.

Tónlistarstundir:

Styrkleikar: Mikið hefur verið sungið á deildinni í vetur og tókst að kenna börnunum tvær þulur eins og lagt var upp með auk þess hlustuðu börnin á tónverkið um „Pétur og úlfinn“ og unnu verkefni tengt því. Einnig hlustuðum við á fjölbreytta tónlist á deildinni og svo kynnti „Barn vikunnar“ sýna uppáhalds tónlist fyrir hinum börnunum á deildinni. Gaman er að segja frá því að það var einn drengur á deildinni sem er mikill áhugamaður um Tónverkið „Pétur og úlfurinn“ því var ákveðið að taka það verk sérstaklega fyrir í vetur. Við hlustuðum reglulega á tónverkið og sýndum börnunum myndir og í lok vetrarins teiknuðu þau myndir og gerð var skráning fyrir hvert barn.

Tækifæri til umbóta: Næsta starfsár ætlum við að setja tónlist eða tónlistarverkefni inn í eina samverustund á mánuði. Einnig að auka fjölbreytni í tónlistarsköpun, nota teiknitúlkun og/eða leikræna tjáningu.

Einstaklingsnámskrár barna:

Styrkleikar: Einstaklings námskrár barna voru unnar út frá foreldraviðtölunum og markmið sett fyrir hvert barn í samráði við foreldra. Vel gekk að vinna að markmiðunum í samráði við foreldra og voru starfsmenn meðvitaðir um að vinna að þeim allan veturinn. Við ætlum að halda því fyrirkomulagi áfram.

Tækifæri til umbóta: Næsta starfsár höfum við áhuga á að fá elstu börnin á deildinni til að setja sér sjálf markmið fyrir sitt nám.

Merkingar á hlutum í umhverfinu:

Styrkleikar: Ritmálsmerkingar í umhverfinu er komið og tökum við eftir að börnin sýna rituðu máli aukna athygli.

Umbótaþættir Sjónarhóll 2019	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



Læsi Lubbastundir	Að efla orða- forða og hljóð- kerfisvitund barnanna og áhuga þeirra á ritmáli.	Skrá áherslur í Lubbastundum eftir aldri barna. Leggja inn tvo til þrjá stafi á mánuði. Hlusta oftar á Lubba- lögin. Að a.m.k. tveir starfsmenn á deildinni hafi umsjón með Lubbastundum.	Hefst sept 2019 lokið maí 2020.	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma.	Yfirlit yfir skipulag stunda og skrá viðfangsefni og virkni barnanna. Endurmetið mánaðarlega á deildarfundi.	Áhugi og virkni barna. Niðurstöður í Hljóm-2 hjá elstu börnunum.
Tónlist og sköpun	Auka fjölbreytileika í tónlist og sköpun.	Hafa tónlistarstundir að meðaltali einu sinni í mánuði og leggja áherslu á ljóð, þulur og að börnin hlusti á tónverk og vinni með það s.s. með leikrænni tjáningu og/eða teiknitúlkun.	Hefst sept.2019 lokið maí 2020.	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma.	Endurmeta á deildarfundi mánaðarlega. Skráning með myndum.	Börnin læri a.m.k. tvær þulur, kynnist tónverki og fái tækifæri til að skapa og tjá upplifun sína.
Sjálfsþing/einst aklingsnámskrá	Að efla elstu börnin í að setja sér eigin markmið og meta sitt eigið nám.	Aðstoða börnin við að skrá markmið sín og að fylgja þeim eftir.	okt. 2019 jan og maí 2020.	Deildarstjóri, starfsmenn deilda framkvæma.	Í samtali við börnin/skráningarbl öð. Umræða á deildar-fundum	Að auka vitund barna um að þau geti haft áhrif á nám sitt.
Leikur að læra	Að allt starfsfólk deildarinnar þekki og geti unnið með „Leikur að læra“ í leik og starf með börnunum.	Námskeið á skipulagsdegi 23. ágúst og vinnustundir einu sinni í viku á dagskipulagi.	ágúst/sept. 2019.	Tengiliður deildar.	Tveir starfsmenn sjái um stundirnar og skrái hvað var gert og hvernig gekk.	Að „Leikum og lærum“ sé virkt og endurspeglit í starfi skólans.

Innra mat Sólskinsbæjar 2018-2019

Lögð hefur verið áhersla á að taka vel á móti börnum og foreldrum, bjóða góðan dag og fara til barnsins og taka það í fangið eða leiða inn á deild. Þjóðum börnunum að taka þátt í þeim leik sem er í gangi eða finnum annað verkefni sem barnið hefur áhuga á. Það er lögð mikil áhersla á málörvun við matarborðið þá er reynt að sinna hverju barni eins vel og kostur er. Oft skapast miklar umræður og börnum gefið tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós. Í frjálsa leiknum var börnunum skipt á svæði þannig að einn



hópur var inni í hreiðri, einn hópur fyrir framan leikstofu og einn inni í leikstofunni þetta skapaði afslappaðra andrúmsloft og leikurinn var mun rólegri og betra að sinna hverju barni.

Starfið í vetur

Fyrir hvern mánuð var gerð námsáætlun sem unnin er út frá skólanámskrá, starfsáætlun og skóladaðgatali. Deildarstjóri og starfsmenn deildar fóru yfir áætlun í upphafi mánaðar og síðasti mánuður var endurmetinn. Það gekk vel að vinna eftir áætluninni hún var sett upp á vegg og var því alltaf sýnileg. Viðburðadagatal var gert mánaðarlega. Þar voru allir helstu viðburðir settir inn og afmælis dagar barnanna. Viðburðadagatalið var einnig sent í tölvupósti til allra foreldra og hengt upp á hurð deildar og inni á deild.

Dagskipulagið var einfaldað þannig að auðveldara væri að fara eftir því og rúmur tími gefinn, þar var komið fyrir þeim þáttum sem gert er ráð fyrir að vinna með. Þetta var gert til að minnka álag á börn og starfsfólk og það tókst.

Aðlögun gekk vel, á deildina komu 8 börn frá Álfróli og 7 ný börn. Á deildinni voru 18 – 19 börn í vetur. Það bættist við einn starfsmaður og það létti mikið á miðað við það sem áður var.

Útivera, farið var út daglega og þegar veður var gott var oft farið út tvisvar á dag. Börnin voru glöð og ánægð með útiveruna og voru dugleg að leika sér. Sjálfstæði þeirra og úthald til útiveru er mun meira nú en í upphafi skólaárs. Þegar fór að vora var farið með börnin í litlum hópum í gönguferðir og vakti það mikla ánægju hjá börnunum. Þetta var gert einu sinni í viku.

Fataklefi/sjálfs hjálp, þar var lögð áhersla á málörvun og börnunum gefinn tími til að spjalla. Það fóru tveir starfsmenn með 4-5 börn í einu í fataklefann og það náðist róleg stund. Þegar líða tók á veturinn voru flest eldri börnin farin að geta klætt sig sjálf í og úr útifötum. Þau voru mjög ánægð með það og núna vilja þau bjarga sér sem mest sjálf. Þegar fyrsti hópur var tilbúinn að fara út þá fór starfsmaður út með þeim og næsti hópur er tekinn í fataklefann. Með þessu móti skapaðist afslappað andrúmsloft og bæði starfsmönnum og börnum leið vel. Eins var það þegar börnin fóru inn þá tókum við þau inn í litlum hópum og við það skapaðist meiri ró í fataklefa og eins þegar verið var að skipta á þeim /fara á salerni.

Barn vikunnar verkefnið gekk vel. Í samverustund var lesið það sem foreldrar skrifuðu í bókina um heimsóknina. Barnið kom með bók að heiman sem var lesin í samverustund, það kom með upphalds leikfangið sitt og sagði frá því í ræðupúlti, upphaldslögin spiluð og barnið kom með myndir að heiman. Barn vikunnar var tengt Lubba verkefninu og nú eru öll börnin búin að kynna Lubba og heyra lögin hans og þekkja þau. Fyrsti stafur barnsins var tekinn fyrir og tengt Lubba við æfum hljóðið og skoðuðum staf barnsins. Þau voru mjög dugleg að læra þessi hljóð/stafi og sum eru farin að vita hver á hvaða staf. Uppi á vegg hanga myndir af börnunum og fyrsti stafurinn þeirra.

Lubba verkefnið hefur gengið nokkuð vel það var eitt hljóð tekið og unnið með í tvær vikur. Lögð var áhersla á að börnin læri táknið fyrir hljóðið, stafinn og þjálfun í að finna orð með hljóðinu í. Við klöppum orð og nöfn barnanna og rímum. Við sungum lagið „Ég fór í dýragarð í gær“ og tengjum það hljóðinu sem við erum að vinna með, þessu höfðu börnin mjög gaman að því allir fengu að draga hlut upp úr kassa sem byrjar á hljóðinu sem við erum að læra. Flest börnin voru virkir þátttakendur og sýndu þessu áhuga.

Samverustundir voru þrisvar á dag. Á morgnana var fræðsla og/eða lesin saga og sungið. Í samverustund fyrir hádegi var sungið eða dansað og síðdegis var lesin saga og sungið. Oftast var börnunum skipt í tvo hópa í morgunsamveru og síðdegis en ekki fyrir hádegismat. Þegar börnunum var skipt í tvo hópa þá gengu samverustundirnar mikið betur og börnin voru ánægðari og virkari. Mikill tími fór í að venja þau á að sitja kyrr og hlusta en seinni partinn í vetur hefur það gengið mun betur.



Tónlistarstundir gengu vel börnin voru virk og höfðu gaman að. Við notuðum þessar stundir líka til að spila tónlist og dansa þannig héldum við dansinum við eftir að danskennslan var búin í haust. Börnin höfðu mjög gaman að þessu og tóku þátt í dansinum og oft báðu þau um að fá að dansa á öðrum tímum.

Jólaundirbúningur hófst í byrjun nóvember við höfðum góðan tíma og andrúmsloftið var afslappað og ekkert stress. Lögð var áhersla á að hvert barn fengi sinn tíma og fengi að njóta sín í jólaundirbúningi. Samvinna var milli Álfhóls og Sólskinsbæjar og gekk það mjög vel og létti báðum deildum mikla undirbúningsvinnu. Starfsfólk mjög ánægt með þessa vinnu og naut þessa tíma jafnt og börnin.

Eftir hádegi var unnið með ýmis verkefni samkvæmt námsskrá og þá í samvinnu við Álfhól, lögð var áhersla á fínhyringar, klippa, líma, perla, púsla, kubba o.fl. Börnin fengu að fara milli svæða og einnig var boðið upp á frjálsan leik s.s. holukubba, dúkkukrók o.fl.

Mikil áhersla var lögð í leik- og félagsfærni. Kennarar sátu með börnunum í litlum hópum bæði á gólfinu og við borð þannig að kennari var til staðar leiðbeindi og greip inn í þegar þörf var á. Börnunum var leiðbeint með að skiptast á, leika saman og eiga jákvæð samskipti. Þetta gekk vel og börnin voru rólegri og starfsmenn ánægðir með hvernig gekk. Börnin sýndu miklar framfarir og það er minna um árekstra á milli þeirra.

Það sem betur má fara og þarf að endurskoða.

Nýir foreldrar spurðu mikið um útiveru og aðstöðuna þar fyrir börnin. Það voru mörg börn í garðinum og stundum mikil hlaup og læti, þetta settu foreldrar út á og fannst að börnin væru ekki örugg.

Í samvinnu við Álfhól byrjuðum við á verkefninu „Leikur og læra“ og gekk það á margan hátt vel, börnin voru áhugasöm og tóku þátt í því sem verið var að gera og voru mjög móttækileg. Ýmislegt var prófað s.s. fjöldi barna í hóp, hvaða verkefni voru við hæfi o.fl. Þetta verkefni féll oft niður vegna fjarveru starfsmanna á deildum og eins vegna þess að þetta var ekki sett inn á upphaflegt dagskipulag. „Leikur og læra“ er sett inn í umbótaáætlun og verður sett inn á dagskipulag.

„**Flæði/lestur**“ þar sem 3-4 börn eru tekin saman og lesin bók og sama bókin síðan lesin fyrir hvert og eitt barn, gekk ekki alveg nógu vel hjá okkur og féll alveg niður seinni hluta skólaársins. Börnunum fannst þetta gaman og voru dugleg að sitja og hlusta en af einhverjum ástæðum féll þetta niður. Þetta setjum við inn í umbótaáætlun fyrir næsta ár.

Endurmat umbótaþátta

Útinám: Farið var í tvær gönguferðir síðasta haust og gekk það nokkuð vel, farið var að tína laufblöð og skoða náttúruna. Seinni hluta skólaársins var ákveðið að fara vikulega í gönguferðir og fara þá með 5-6 börn í einu og æfa þau í að fara saman í gönguferð þetta gekk mjög vel og var farið í stuttar ferðir eða aðeins lengri og þá komið við á leikvelli. Börnin höfðu mjög gaman að þessu og biðu eftir að fá að fara aftur. Í vor var farið með þau í litlum hópum í fjöruferð og lífríkið skoðað þar.

Lubbastundir: Þær gengu vel en þar sem okkur fannst of mikið að vera bæði að kynna fyrir þeim staf og líka upphafstaf barnsins sem er „barn vikunnar“ þá var tekin ákvörðun að breyta því aðeins næsta skólaár og sjá hvernig það gengur, það er í umbótaþáttum næsta árs.

Flæði/stöðvavinna: Það gekk vel og verður haldið áfram með aðeins breyttum áherslum eins og sést í umbótaþáttum næsta árs.



Tónlistarstundir: Gekk vel fram að jólum en eftir það féllu þær að mestu niður en í staðin vorum við að spila tónlist og börnin dönsuðu þetta var í allan vetur og byrjaði þegar danskennslan var í haust. Tónlistarstundir eru á umbótaáætlun fyrir næsta ár.

Dúkkukrókur: Afmörkuðum svæði fyrir dúkkukrök og kubbasvæði með því að færa til skápa. Þetta svæði er mikið notað en það mætti gera meira fyrir það þannig að það væri afmarkaðra og meira heillandi. Þetta svæði var aldrei alveg klárað vegna hugmynda um að gera listakrök á þessu svæði.

Lestur bóka: það var mikið lesið fyrir börnin í samverustund og þegar börnin báðu um það en við ætluðum að hafa gæðalestrarstund fyrir færri börn í einu en það tókst ekki að koma því á hjá okkur en það er sett inn á umbótaáætlun næsta árs.



Sólskin
Umbót
þættir

angur

					hvernig	
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni- hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Leikur að læra	Að öll börn fái eina stund í viku.	Unnið í fámennum hópum, 4 börn í hóp.	Okt 2019.	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn.	Á deildar- fundum í lok hvers mánaðar.	Tókst okkur að vekja áhuga barnanna og tóku þau þátt í leiknum.
Lubba- stundir	Einu sinni í viku. Unnið er með Lubba í tengslum við „Barn vikunnar“, þá upphafsstaf barnsins. Hlustað á Lubbalögin	Færri börn í hóp þegar Lubbastund er, hámark 6 börn. Stafur barnsins skoðaður með Lubba og hlutunum úr kassanum, upp- hafsstafur barnsins hafður sýnilegur uppi á vegg.	Sept. 2019 eftir aðlögun.	Deildarstjóri og starfsfólk deildar. Mikilvægt að allir starfsmenn á deildinni sinni þessu vel og sýni frumkvæði.	Endurmetið á deildarfundi samhliða deildarnám- skrá. Skráningar mynd/texti.	Að börnin þekki Lubba og kannist við tákn upphafsstafs síns. Skráningar mynd og texti.
Efniviður fyrir könnunar- leikinn	Safna fjölbreytt- um efniviði. Hafa efnivið aðgengilegan fyrir starfsfólk.	Fara yfir það sem er til, biðla til samstarfs- fólks og foreldra með því að senda póst.	Hefst í sept. tilbúið í nóv.	Deildarstjóri.	Förum yfir það sem hefur safnast og flokkuð í ílát. Lokið í október.	Útkoman verður skemmtilegur könnunarleikur.




Könnunar-leikur	Að öll börn fái eina stund í viku.	Setja inn á dagskipulag, 4 börn í hóp.	Hefst í nóv. 2019 lokið í apríl/máí 2020.	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn.	Á deildarfundum/undirbúningi í des og feb.	Að barnið fái tækifæri að leika sér með fjölbreyttan efnivið og prófa sig áfram með hann. Læri að flokka og ganga frá honum.
Flæði/stöðvavinna	Að virkja starfsfólk í starfi með því að fela þeim ábyrgð á hverju svæði, vika í senn.	Áætlun um hvað hver á að gera á hverju svæði og hvenær.	Hefst í október 2019 og út skólaárið.	Deildarstjóri og starfsmenn deildar. Mikilvægt að allir starfsmenn á deildinni sinni þessu vel og sýni frumkvæði.	Endurmetið á deildarfundum í lok hvers mánaðar.	Með skriflegri skráningu þar sem hver starfsmaður kvittar fyrir hvernig til tókst.
Tónlistarstundir	Efla það að taka hljóðfæri og leyfa börnunum að prófa. Spila meiri tónlist fyrir þau og æfa dans.	Fara eftir dagskipulagi og skrá á viðveru-skráningu þegar barn fer í stundina.	Okt 2019.	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Endurmetið á deildarfundum samhliða deildarnám skrá.	Geta börnin notað hljóðfærin, hlustað á tónlist og dansað.
Dúkkukrókur	Hafa betra aðgengi að efniviði. Auðvelda börnunum að víkka út frjálsa leikinn.	Endurskipuleggja leiksvæðið fyrir framan yngri deildarnar.	Á að vera lokið í október.	Deildarstjóri og leikskólastjóri.	Endurmetið á deildarstjórafundi í lok október 2019.	Skoða svæðið og leik barnanna.
Viðverumerkingar	Að fylgjast með því að hvert barn fái skipulagðar stundir þ.e. tónlistarstundir, flæðilestur, könnunarleik, „leikur að læra“ og sértæka þjálfun.	Hafa viðverulista sýni/aðgengilega á hverju svæði sem stundir fara fram.	Okt 2019	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn.	Í undirbúningstíma.	Hvernig gengur að merkja við viðverulista.
Skáningar	Að hvert barn fái 8 skáningar yfir skólaárið.	Fylgjast með barni í leik og starfi. Ljósmyndir.	Allt skólaárið.	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn.	Endurmetið í undirbúningstíma í nóv. og apríl.	Skráningar fara í ferilmöppu barnsins sem fylgir því út leikskólaárin.

Endurmat barna veturinn 2018-2019

Lagðar voru sjö spurningar fyrir ellefu börn fædd 2013 og tíu börn fædd 2014. Notast var við ljósmyndir af svæðum leikskólans bæði inni og úti til að auðvelda börnunum að átta sig á við hvað var átt í spurningunum. Einnig voru þrjár tilfinningakallar notaðir er spurt var um líðan barnanna og hvernig þeim finnst maturinn í leikskólanum.






Fimm strákar og ein stelpa svara vel, þrjár stelpur svara ágætt og tvö börn svara illa. Þegar spurt var af hverju líður þér ekki vel þá var svarið að það væri leiðinlegt því það mætti ekki vera með síma og tölvur, því það væri ekki barbí og einn svaraði að sér liði illa þegar væri verið að stríða en samt oftast vel. Einnig svaraði ein stúlkan oftast vel en smá svona og benti á bros karlinn og smá svona benti á leiða karlinn.




Öll börn fædd 2014 svöruðu að þeim liði vel í leikskólanum.






Flestar stelpur sögðu að skemmtilegast væri að vera í listakrök en flestir strákar að skemmtilegast væri að vera á holukubbasvæðinu.




Flestar stelpur sögðu að skemmtilegast væri að vera í holukubbum og í útiveru en strákarnir nefndu öll svæðin nema listakrök.







Flestum stelpum fannst skemmtilegast að leika sér í Köngulóargarðinum sem er garður norðanmegin við húsið og er ekki alltaf í boði. Í öðru sæti hjá stelpunum eru rólurnar, þær eru bara tvær og eru mjög vinsælar og eru því oft átök um þær. Strákarnir sækjast helst í að leika sér í hringnum sem er hringlagasvæði þar sem þeir eru oft í fótbolta.




Eins og hjá eldri börnunum eru rólurnar mjög vinsælar hjá báðum kynjum og svo köngulóargarðurinn sem eins og áður sagði er ekki alltaf í boði fyrir börnin til að leika. En þar eru þau oftast í frjálsum leik og að fylgjast með og að skoða náttúruna.




Sjö börn svöruðu að maturinn væri góður, þrjú börn ágætur og einu barn finnst maturinn vondur. Einnig spurðum við um hvaða matur væri bestur þá svöruðu flestir grjónagrautur eða sex börn af ellefu, einnig nefndu þau fisk með smjöri, lax og pizza.




Öll börn fædd 2014 finnst maturinn góður. Þegar spurt var hvaða matur er bestur svöruðu fimm börn hvítur fiskur/fiskibollur tvö kjöt eða hamborgari, tvö grjónagrautur og einn að allur maturinn væri góður.




Allir svöruðu játandi og nokkrir nefndu að þeir ættu nokkra vini og eitt barn svaraði að stundum ætti það ekki vin.



Allir svöruðu játandi og nokkrir nefndu a.m.k. fjóra vini.



Sjö börn svöruðu að það væri eitthvað leiðinlegt eða erfitt í leikskólanum og fjögur að svo væri ekki. Þegar spurt var hvað það væri þá tengdust flest öll svörin einhverjum athöfnum s.s að gera verkefni, fara út í kaldan snjó og eitt barn nefndi að samverustund væri erfið. Þegar spurt var hvað við gætum gert til að laga það þá svöruðu flest með því að æfa sig. En eina barnið sem svaraði að samverustundir væru leiðinlegar/erfiðar að til að bæta úr því væri hægt að sleppa þeim 😊



Sjö börn svöruðu já að það væri stundum eitthvað leiðinlegt eða erfitt í leikskólanum og þrjú börn svöruðu nei. Þegar spurt var hvað það væri þá tengdust flest öll svörin einhverjum athöfnum s.s að byggja úr kubbum, hjóla eða föndra. Eitt barn svaraði að leiðinlegt/erfitt væri að hlýða kennaranum. Þegar spurt var hvað við gætum gert til að laga það þá svöruðu flest, með því að æfa sig. En eina barnið sem svaraði að leiðinlegt/erfitt væri að hlýða kennaranum sagði að það væri hægt að bæta úr því ef allir kennararnir færu úr skólanum 😊.

Að lokum spurðum við börnin hvort þau vildu breyta einhverju í leikskólanum. Börn fædd 2013 sem eru á síðasta árinu sínu í leikskóla fóru á flug og hugmyndaflugið tók völdin. Þau nefndu að þau vildu hafa leynistað uppi á þaki, fá að hafa síma og tölvur í leikskólanum, hafa fleiri hjól, fá ný leiktæki s.s. trampólín og rússíbana og að koma með dýr í leikskólann, alvöru dýr. Börn fædd 2014 svöruðu flest að

þau vildu breyta en þegar spurt var hverju þá var frekar fátt um svör en þó kom fram að börnin vilja ráða meira um hvar þau sitja og hjá hverjum.

Niðurstöður/Samantekt:

Samkvæmt svörum barnanna þá virðist þeim líða nokkuð vel í leikskólanum þegar á heildina er litið en þó svara tvö börn af tuttugu einu að þeim líði illa sem er tveimur of mikið. Einnig kemur fram, þegar spurt er hvort eitthvað sé leiðinlegt eða erfitt í leikskólanum að fjórtán börnum finnst eitthvað leiðinlegt eða erfitt. Af þeim svörum merkjum við að e.t.v. vanti einhverja fjölbreytni í leikefni skólans og í leiktækjum á lóðinni jafnframt að börnin vilja hafa meira um viðfangsefni sín að segja. Gott er að öll börnin eiga vin og mörg þeirra telja upp fleiri en einn vin. Því teljum við að neðangreindar umbætur muni efla starf okkar næsta starfsár.

Tækifæri til umbóta: Endurvekja Barnaþing með það að markmiði að ná utan um þarfir barnahópsins, virkja þau í lýðræðislegri hugsun og gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á skipulag leikskólustarfsins. auk þess er stefnt að því að koma upp matsal þar sem börnin fá m.a. tækifæri til að efla sjálfstæði sitt í hugsun og framkvæmd (Sjálfeffing og félagsfærni). Í haust verður unnið á öllum deildum með vináttuverkefnið „Blær“.

3 Ytra mat

Starfsmannakönnun var gerð í byrjun árs og eru þar nokkrir þættir sem þarf að leggja áherslu á næsta vetur. Það voru sex þættir sem höfðu lækkað frá síðustu könnun en þeir eru móttaka nýliða, stjórnun, tilgangur, frumkvæði, upplýsingaflæði, markmið og árangur.

Þær spurningar sem komu verst út voru eftirfarandi:

- „Á mínum vinnustað byggja ákvarðanir á faglegum forsendum“ og er munurinn á milli ára 0,50% lækkun.

Styrkleikar:

Tækifæri til umbóta: Opnari umræða á faglegum nótum.

- „Upplýsingastreymi á mínum vinnustað er gott“ hefur lækkað um 0,75% á milli ára.

Styrkleikar: Upplýsingafundur haldinn á hverjum morgni, fundargerðir og aðrar upplýsingar settar á kaffistofu, stjórnendateymisfundir einu sinni í viku.

Tækifæri til umbóta: Hvetja starfsfólk til að lesa fundargerðir og leita sér upplýsinga.

- „Ég fæ nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf mitt eða vinnustað“ hefur lækkað á milli ára um 0,42 %.

Styrkleikar: Upplýsingafundur haldinn á hverjum morgni, fundargerðir og aðrar upplýsingar settar á kaffistofu, stjórnendateymisfundir einu sinni í viku og deildarfundir á tveggja vikna fresti.

Tækifæri til umbóta: Hvetja starfsfólk til að leita sér upplýsinga hjá deildarstjóra, leikskólustjóra, aðstoðarleikskólustjóra, sérkennslustjóra eða þeim sem málið varðar.

- „Mínum vinnustað er vel stjórnað“ hefur lækkað um 0,49% á milli ára.

Styrkleikar: Nýr leikskólustjóri, nýjar áherslur og ný tækifæri.

Tækifæri til umbóta: Gefa skýrari fyrirmæli.



- „Á síðustu 12 mánuðum hafa nýir starfsmenn fengið nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstímans“ lækkað um 0,29% á milli ára.

Styrkleikar: Það er allt efni til staðar fyrir móttöku og fræðslu nýrra starfsmanna.

Tækifæri til umbóta: Láta móttökusamtöl ganga fyrir og virkja leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra í að taka samtalið.

Þessa þætti verðum við að skoða sérstaklega og setjum við þá í töfluna um umbótaþætti í ytra mati leikskólans. En margir þættir komu vel út og höldum við áfram okkar vinnu við að halda þeim í jafnvægi. Könnun sem lögð var fyrir foreldra á vormánuðum kom mjög vel út en það eru nokkrir punktar sem við verðum að leggja áherslu á og bæta okkur í, en halda jafnframt áfram því sem er vel gert.

Í kaflanum um „barnið og starfið“ er ekkert foreldri sem er ósammála þeim spurningum sem þar koma fram eins og t.d. spurningin „Ég er ánægð(ur) með samskipti og viðmót starfsfólksins við barnið“ er 100% svarenda sammála. Í kaflanum um „foreldrar og starfið“ þurfum við að taka okkur á í nokkrum þáttum og hæðst hlutfall foreldra eða 24,4% sem var ósammála því að leikskólinn leitaði til þeirra eftir tillögum og hugmyndum. Við verðum að bæta okkur í þessum þætti og ætlum við að gera forstofuna hjá okkur að upplýsingabrunni um gildi og starf skólans því það kom fram í „stefnu og stjórnun“ kaflanum að 7% foreldra voru ósammála því að þau þekktu stefnu/áherslur og gildi leikskólans. Einnig verður komið upp hugmyndabanka í forstofunni þar sem foreldrar geta komið með hugmyndir nafnlaust ef þau kjósa svo, því 10,3% foreldrar var ósammála því að ábendingum þeirra væri vel tekið og 7% foreldrar voru ósammála því að leikskólinn leitaði til þeirra eftir tillögum og hugmyndum. Nokkrar ábendingar komu frá foreldrum og þar hæðst að viðhaldi á útivæði væri ábótavant, stórar holur við trjástofna, hellur standa hátt upp úr jarðvegi, skemmdur gróður, lélegt gras, mikil drulla í blautu veðri og úr sér gengin leiktæki.

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætl un	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Ákvarðanir/fag- legar forsendur	Hafa ákvarðanir markvissar og byggðar á faglegum forsendum.	Hafa fagfundi utan vinnutíma.	Byrjað í september. Lokið í nóvember.	Leikskólastjóri.	Teknir út ákveðnir þættir í skólastarfinu og unnar faglegar áætlanir. Það er svo metið á stjórn- endateymis- fundum í lok janúar og í lok maí.	Skriflegar niðurstöður sem koma út úr þeim áætlunum sem gerðar eru. Metið á fundum hvort áætlanir hafi staðist væntingar.



Upplýsinga- streymi	Að bæta upplýsinga- streymi til starfsmanna.	Setja upplýsinga- töflu á kaffi- stofuna þar sem verða settar tilkynn- ingar og ýmsar upplýsingar.	Byrja í ágúst og út skólaárið.	Leikskólastjóri.	Könnun gerð meðal starfs- manna í desember og aftur í maí.	Að starfsfólk verði betur upplýst.
Vinnustað vel stjórnað	Að skilaboð verði skýrari.	Að stjórnandi gefi skýrari skilaboð.	Í ágúst og út skóla- árið.	Leikskólastjóri og aðstoðarleik- skólastjóri.	Könnun gerð meðal starfs- manna í desember og aftur í maí.	Að starfsfólki líði betur í vel stjórnuðu umhverfi.
Nýliðafræðsla	Að efla fræðslu og upplýsingar til nýrra starfsmanna.	Aðstoðarleik- skólastjóri sér um viðtölin ásamt deildarstjóra.	Í upphafi starfs og fyrstu þrjá mánuðina.	Aðstoðarleik- skólastjóri og deildarstjóri.	Í lok skólaárs verður metið með nýjum starfsmönnum um hvernig til tókst.	Að allir nýir starfsmenn fái nýliða- fræðslu.

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Í september eru samtöl við deildarstjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra. Farið er yfir áætlanir og verkefni sem liggja fyrir veturinn og þjálfun nýrra starfsmanna.

Í október eru starfssamtöl við alla starfsmenn. Skipulagið er ekki alltaf það sama, stundum ræður starfsmaðurinn efni viðtalsins en oftast er farið yfir ákveðnar spurningar, markmið starfsþróunar frá því í vorsamtölum rædd og það sem brennur á starfsmanni.

Í febrúar/mars eru starfsþróunarsamtöl við starfsmenn sem verða í vinnu næsta skólaár. Þar er farið yfir starfsþróun, símenntun og markmið fyrir næsta skólaár sem hver starfsmaður setur sér. Ákveðin undirbúningsblöð eru fyrir þessi samtöl. Í samtölunum eru ræddar hugmyndir að starfsþróun starfsmannahópsins fyrir komandi vetur. Leikskólastjóri sér um að taka þessi samtöl.

Fundur og samtöl eru við nýja starfsmenn fyrstu þrjá mánuði í starfi, þar er farið yfir móttökuáætlun, þjálfun, hvatningu og líðan á nýjum vinnustað. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri halda utan um móttöku og móttökuáætlun. Deildarstjórar eru með hvatningar- og leiðbeiningarsamtöl við nýja starfsmenn.

Í nóvember og apríl eiga deildarstjórar samtöl við starfsmenn á viðkomandi deild og þá sem koma að deildinni. Sérkennslustjóri er með samtöl við sérkennara. Samtöl eru oftast ef þess er þörf.

Áherslur og símenntun starfsárið 2019-2020

- „Leikur að læra“ námskeið fyrir alla starfsmenn og ráðstefna í október sem 2 - 4 starfsmenn sækja- kynning fyrir foreldra.
- Vináttuverkefnið Blær, sem flestir starfsmenn sækja námskeið. Kynning fyrir foreldra.
- Allir starfsmenn fari á ráðstefnu sem haldinn er í tilefni degi leikskólans.
- Sérkennarar fara á ráðstefnu til Svíþjóðar um sérkennslumál.
- Tæknikista verður kynnt til leiks og unnið með hana næsta starfsár.



- Upplýsingatækni – nýr leikskólakennari sem mun starfa sem sérkennari mun halda utan um fræðslu og kynningar.
- Sérkennslustjóri og sérkennarar verða með kynningu á skipulagsdegi, hvað þeir eru að vinna að og hvernig.
- Námsferð í maí þar sem farið verður í skólaheimsóknir og námskeið.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Markmið samstarfs Vættaskóla - Borgir, Hulduheima og Hvergilands miðar að því að auðvelda börnunum flutninginn af fyrsta skólastiginu á annað. Elstu börnin í leikskólanum Hulduheimum eru flest væntanlegir nemendur í Vættaskóla - Borgir og því mikilvægt að þau fái tækifæri til að kynnst starfinu í skólanum og aðstæðum. Einnig er það skemmtilegt fyrir yngstu nemendur grunnskólans að fá það hlutverk, að taka á móti væntanlegum samnemendum. Samstarf skólastiganna snýr einnig að samstarfi starfsfólks/kennara skólanna. Styrkurinn felst í að við öðlumst þekkingu á störfum hvers annars, getum miðlað okkar á milli og lært hvert af öðru.

Leikskólinn nýtir íþróttasal í Vættaskóla - Borgir eins og kostur er fyrir þrjá elstu árgangana.

Í júní 2019 var áætlaður fundur með yfirmönnum grunnskólans, Hulduheima og Engjaborgar. Á þeim fundi átti að fara yfir dagsetningar í samstarfsáætlun fyrir veturinn 2019-2020, hvernig samstarf síðastliðins vetrar hefur gengið og hvaða þætti þarf að endurskoða. Af óviðráðanlegum orsökum féll sá fundur niður og eru dagsetningar því settar inn með fyrirvara um breytingar. Nýr fundur verður ákveðin í september.

Síðastliðið starfsár voru elstu börnin á Kardemommubæ og gekk samstarfið við Vættaskóla - Borgir vel. Næsta skólaár verða elstu börnin á Sjónarhóli og Kardemommubæ ásamt tveimur öðrum árgöngum .

Samstarf 2019 - 2020

Vættaskóli Borgir – Hulduheimar – Hvergiland

Dagsetning og tími 2019- 2020	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Ágúst Borgir: 16. ágúst kl. 10:00	Farið yfir niðurstöður úr Hljóm-2 og umsögn með hverju barni.	Borgir	Kennarar beggja skólastiga
September Borgir og Engi: 11. september kl. 14:00	Fundur kennara leik- og grunnskóla. Farið yfir áætlun og samstarf skólastiganna.	Engi/bókasafn	Kennarar beggja skólastiga og stjórnendur.
Október Borgir: 1. og 2. okt. kl. 8:20-9:50	Stafainnlögn, leikskólabörn taka með nesti. Leikskólabörn í tveimur hópum fara í kennslustund hjá 1. bekk. Ein heimsókn á barn.	Borgir stofa 101	Umsjónarkennarar 1. bekkjar sjá um skipulag heimsóknarinnar.
Nóvember Borgir 1.nóv. kl. 8:30	Fyrsti bekkur heimsækir leikskólann.	Hulduheimar	Deildarstjórar elstu barna sjá um skipulag heimsóknarinnar.



Nóvember Borgir: 15. nóvember kl 13:00	7. bekkur í Borgum les fyrir leikskólabörnin í Hulduheimum allir velkomnir að lesa fyrir leikskólabörnin.	Hulduheimar	Stjórnendur og umsjónarkennara í 7. bekk.
Nóvember Borgir 20. nóvember kl. 9:00-10:00	Heimsókn elstu barna leikskólanna í skólann. Stjórnendur taka á mótum þeim og sýna skólann. Hittast niðri við salinn.	Borgir	Stjórnendur, Vættaskóla hafa samband við leikskólana.
Nóvember Hvergiland: 28. nóv. kl. 10:00-11:00	Kynning á starfi og reglum. Leikskólabörn heimsækja Hvergiland og skoða aðstöðuna og forstöðumenn fara yfir reglur o.fl.	Hvergiland	Deildarstjórar elstu barna og forstöðumenn frístundaheimilanna.
Desember Borgir: 4. des.kl. 10:00	Nemendur fyrsta bekkjar og leikskólabörnin hittast í Vættaskóla. Jólalögin sungin. Heitt súkkulaði í boði grunnskólans og piparkökur í boði leikskólanna.	Borgir	Kennarar beggja skólastiga.
Desember Borgir 12. des. kl. 9:10	Börnin í 5. bekk lesa upp jólakveðjur í leikskólunum frá grunnskólabörnunum í Vættaskóla.	Hulduheimar	5. bekkja kennari í samráði við deildarstjóra elstu barna.
Janúar Borgir: 15. jan. kl. 10:10-11:20	Leikskólabörn koma í heimsókn í skólann og nemendur hafa það gaman saman.	Borgir	Kennarar beggja skólastiga.
Borgir Skipulagt af list- og verk. grunnskólans	Leikskólabörnum boðið í íþróttir, hönnun og smíði, heimilisfræði, textílmenn og myndmennt með bekk í Vættaskóla.	Borgir	Kennarar beggja skólastiga.
Apríl Borgir: 1. og 2. apríl kl. 8:20-9:50	Skólaverkefni, nesti. Leikskólabörn í tveimur hópum fara í kennslustund hjá 1. bekk.	Borgir stofa 101	Umsjónarkennarar 1. bekkjar sjá um skipulag heimsóknarinnar.
Mái Hvergiland 8. maí kl. 14:00-15:00	Heimsókn í frístundaheimili skólanna Seinni heimsókn, þátttaka í starfi frístundaheimilanna.	Hvergiland	Deildarstjórar elstu barna og forstöðumenn frístundaheimilanna.
Mái Borgir 13. maí kl 15:00	Vorskólaheimsóknir elstu barna og foreldra í Vættaskóla á vegum grunnskólans. <u>Foreldrar fara með sínu barni.</u>	Borgir	Skólastjórnendur grunnskóla.
Mái	Æfingar elstu barna leikskólans fyrir útskrift/kveðjustund fara fram í Vættaskóla.	Borgir	Deildarstjórar sjá um að bóka sali hjá skrifstofustjórum grunnskólans.
Mái Hulduheimar: 12. maí kl. 10:10	Elstu börn Hulduheima bjóða 1. bekk á generalprufu útskriftar/kveðjustundar í sal Vættaskóla – Borgum.	Borgir	Deildarstjóri sér um að bóka sal hjá Ásu.
Mái Hulduheimar 15. maí kl 16:00	Útskrift/kveðjustund. Elstu börn leikskólans bjóða foreldrum og gestum í sal Vættaskóla - Borgir. Söngur og fleira skemmtilegt. Eftir það er komið saman í Hulduheimum, notið veitinga og spjallað.	Borgir	Deildarstjóri sér um að bóka sal hjá Ásu.



18.júní Kl. 10:00	Farið yfir síðustu samstarfsáætlun og drög unnin að næstu áætlun.	Borgir	Stjórnendur beggja skólastiga. Deildarstjórar.
----------------------	---	---------------	---

6 Foreldrasamvinna - Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 90/2008, skal vera starfandi foreldraráð við hvern leikskóla.

- Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú fulltrúar.
- Leikskólastjóri hefur frumkvæði að kosningu í foreldraráð.
- Foreldrar kjósa fulltrúa sína í foreldraráð í september ár hvert til eins árs í senn.
- Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði.
- Foreldraráð setur sér sjálft starfsreglur.

Á foreldrafundi leikskólans 23. september er kosið í foreldraráð, en nú starfa þrjú fulltrúar í ráðinu. Haldnir hafa verið um 3 - 4 fundir á ári eða eftir þörfum og er umsögn gefin með starfsáætlun fyrir lok júní ár hvert. Einn fulltrúi situr í áfallaráði leikskólans.

Hlutverk foreldraráðs

Foreldraráð skal gefa umsagnir til leikskólans og skóla- og frístundaráðs um:

- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans

Samkvæmt leikskólalögum ber skóla- og frístundaráði að samþykkja skólanámskrá og starfsáætlun leikskóla. Til að hægt sé að leggja þær fyrir ráðið þarf umsögn foreldraráðs að liggja fyrir.

Foreldraráð skal fylgjast með:

- Framkvæmd skólanámskrár
- Framkvæmd annarra áætlana innan leikskólans
- Að skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir leikskólans séu kynntar fyrir foreldrum.

Foreldrafundur verður í haust þar sem farið verður yfir starfið sem er framundan. Leikskólastjóri mun segja frá því sem við ætlum að vinna að næsta vetur, starfsáætlun kynnt í stuttu máli, kynning á nýju menntastefnu Reykjavíkurborgar og hvernig við ætlum að innleiða einn þátt hennar í vetur, félagsfærni. Við munum kynna kennsluáðferðina „Leikur að læra“ og vináttuverkefnið „Blæ“ og hvernig við ætlum að samtvinna þessar aðferðir við félagsfærni barna. Foreldrar fara á deildar barna sinna þar sem hver deild fer yfir áhersluatriði vetrarins, dagskipulag og námsáætlanir. Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 24. september kl 17:00 sjá nánar á skóladagatali. Við munum einnig bjóða foreldrum á kynningu á vináttuverkefninu „Blæ“ og fyrirlestur frá „Leikur að læra“ í haust.

Foreldraviðtöl eru tvö á ári, í október og í mars. Foreldraviðtöl eru oftast ef foreldrar óska eftir því eða ef ástæða þykir til. Við höfum það fyrir reglu að halda alltaf fund og samræma aðgerðir heima og í leikskólanum ef eitthvað kemur uppá sem þarf að skoða betur. Boðað er til annars fundar eftir 3 – 4 vikur og málinu lokað eða framhald ákveðið. Þetta fyrirkomulag hefur reynst einstaklega vel. Foreldradagar verða 6 - 8. apríl 2020. Þá gefst foreldrum kostur á að taka þátt í daglegu starfi með börnum sínum og starfsmönnum. (Sjá skóladagatal).



Foreldrafélag var stofnað í leikskólanum 1997 og er enn starfandi við leikskólann. Allir foreldrar fá afhent eyðublað um markmið og störf foreldrafélagsins í fyrsta viðtali. Foreldrafélagið er með sína verkefnaáætlun og haldnir eru fimm til sex fundir yfir skólaárið og oftast ef þurfa þykir. Formaður í samráði við stjórn, skilar inn ársskýrslu og gjaldkeri skilar inn uppgjöri eftir hvert skólaár, yfirleitt að hausti.

Þegar erlendir foreldrar byrja með barn í leikskólanum þá er fenginn túlkur til að fara yfir starfsemi leikskólans, undirskriftir, upplýsingagjöf og hvernig aðlögun er háttað. Ef þörf þykir þá er túlkur fenginn á meðan þátttökuaðlögun stendur yfir. Túlkur kemur einnig þegar foreldraviðtöl eru þar sem farið er yfir nám og þroska, mál og læsi, og hvernig við byggjum upp stuðning við móðurmál barns og íslensku, en öll börn í leikskólanum sem eru af erlendum uppruna og tvítyngd sem fá reglulega málörvunarkennslu í leikskólanum.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru 6 á ári og verður leikskólinn lokaður allan daginn þessa daga. skipulagsdagarnir nýtast í faglega umræðu, fyrirlestra, námskeið, vinnu við áætlanagerðir, starfsmannafundi, deildarfundi og skipulagningu. Þrjú af þessum dögum eru á sama tíma og starfsdagar starfsfólks og frídagar nemenda í Vættaskóla - Borgir og í grunnskólum Grafarvogs, þ.e. 2. október, 7. febrúar og 11. maí. En við munum ekki sjá okkur fært að vera með í sameiginlegum skipulagsdegi 11. maí vegna námsferðar starfsfólks dagana 20-24. maí 2020. (Sjá Leikskóladagatal. *Fylgiskjal 4*)

Á skipulagsdögum vetrarins verða starfsmannafundir, símenntun, fræðsla, fyrirlestrar, námskeið og deildarfundir. Einnig munum við hafa tvo skipulagsdaga í maí þar sem starfsfólk mun fara erlendis í námsferð.

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

8.4 Fylgiskjal 4 Leikskóladagatal

8.5 Fylgiskjal 5 Deildarmat - Mánaðarmat





Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	1	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	5	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	11	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	5	Með sérkennslustjóra meðtöldum.
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	Við erum með læsisáætlun í leikskólanum.
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Nei	Það er ekki til áætlun um snemmtæka íhlutun en við vinnum eftir þeim aðferðum sem mæta þörfum barnanna hvað allra best í samvinnu við foreldra og fagaðila. Munum vinna að slíkri áætlun fyrir sumar 2020.
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	Við vinnum bæði út frá AEPS og atferlisíhlutun.
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	Fyrir öll börn sem eru í sérkennslu er gerð einstaklingsnámskrá, annað hvort út frá AEPS eða atferlisíhlutun. Listarnir eru yfirfarnir reglulega og markmiðin endurmetin.
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	

Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	Teymisfundir eru haldnir á 6-8 vikna fresti.
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	Ef við teljum þörf á ráðgjöf eða foreldrar óska eftir ráðgjöf frá okkur eða öðrum fagaðilum frá Miðgarði þá sjáum við um að skipuleggja og halda slíka fundi.
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, talmeinafræðingar og sjúkráþjálfarar.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	Þetta hefur mest verið eftir þörfum síðasta vetur og sérkennslustjóri verið starfsfólki innan handar ef það er eitthvað sem þarf að ráðleggja með og séð um að skipuleggja fræðslu og stuðning frá fagaðilum Miðgarðs.

Niðurstöður innra mats

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.

Aðkoma á deildir	Sérkennslustjóri fari inn á deildar til að meta starf í tengslum við sérkennslu og meta þörf á frekari aðkomu inn á deildina vegna stuðnings.	Hingað til hefur það verið eftir þörfum að sérkennslustjóri hefur farið inn á deildar.	Sept 2019-maí 2020	Sérkennslustjóri	Ætlunin núna er að fara inn á deildar fast að hausti og vori til að fylgjast með og í framhaldinu meta hvort þörf sé á aukinni aðkomu eða ekki. Þar að auki unnið með ráðgjöf og stuðning við deildar t.d. með fræðslu inn á deildarfundum.	Endurmat að vori.
Málörvun	Áframhaldandi vinna með málörvunarhópa.	Málörvunarhópar eða einstaklingsmiðuð málörvun verði til staðar.	Sept 2019-maí 2020	Sérkennslustjóri	Skriflegar skráningar.	Málörvun skipulögð út frá TRAS/Hljóm-2.
Fræðsla	Kynna starfsfólk leikskólans betur fyrir þeim efnivið sem starfsfólk í sérkennslunni vinnur með.	Ýmiss efniviður og kennsluefni kynnt fyrir starfsfólk leikskólans og hvernig megi nýta efnið inn á deildir.	Fræðsla að hausti á skipulagsdegi	Sérkennslustjóri og starfsmenn sérkennslunnar.	Mat á hvernig tókst til.	Endurmat fyrir næstu starfsáætlun

Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítýngi	Já	Inni á deildum, í einstaklingsþjálfun og hópstarfi með tvítýngdum börnum. Gefðu 10 er notað inn á deildum.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Til dæmis talað einfalt mál, endurtaka orð, tala skýrt og leggja orð á hluti.
Er markviss verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Til dæmis unnið með flóknari heiti og nota orðagull.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Öll tvítýngd börn eru metin út frá „TRAS“. Út frá því er gerð einstaklingsnámskrá og skráningar í þjálfun fyrir þau börn sem þurfa á því að halda.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	Já	Þessir þættir eru alltaf í huga í leik og starfi með börnunum.

Niðurstöður innra mats

Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu

Samstarf við foreldra						vel tókst að ná markmiði.
	Meira samstarf við foreldra.	Til dæmis að sitja með í foreldra-viðtölum. Vera í tölvupóst-samskiptum við foreldra sem hafa áhuga á slíku samstarfi.	Sept 2019-maí 2020	Ása Sóley Karlsdóttir Leikskólasérkennari.	Skriflegar skráningar.	Endurmat að vori.
Fræðsla og samstarf við starfsfólk	Efla samstarf starfsfólks með tvítýngdu börnin. Til dæmis hafa fræðslu um tvítýngi og námsefnið sem er í boði.	Sitja á deildarfundum og fara inn á deildir eftir þörfum.	Sept 2019-maí 2020	Ása Sóley Karlsdóttir Leikskólasérkennari.	Skriflegar skráningar	Endurmat að vori.

Starfsáætlun 2019-2020

Hulduheimar

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Anna Guðný Tryggvadóttir Arndal

Sveinborg Hafliðadóttir

Sigrún Jónatansdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahlald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Einkunnarorð leikskólans *Virðing – Gleði – Vinátta* eru mikilvæg og þau eru höfð í heiðri í öllu leikskólastarfinu. Starfsfólk Hulduheima hefur verið duglegt að sækja sér alls konar endurmenntun og má þá helst nefna Leikur að læra. Það er frábært að leikskólinn hefur verið að setja upp hegðunarstefnu sem hægt er að fara eftir. Einnig er gott að verið sé að vinna í hljóðvist inni á deildunum þar sem oft verða mikil læti þegar mörg börn leika saman á litlu svæði. Ekki hefur verið haldið Barnþing á þessu ári og hafa foreldrar og börn saknað þess en það er gott að áætlað sé að halda því áfram á næsta skólaári. Jólaverkstæðið sem leikskólinn hélt í desember var einstaklega vel heppnað og vel skipulagt. Mæting var mjög góð og verkefnin sem voru í boði voru bæði fjölbreytt og skemmtileg. Það verður spennandi að sjá breytingarnar á skólalóðinni. Umbótaáætlunin er skýr og gefur foreldrum góða yfirsýn yfir verðandi skólaár.

Góð markmið hafa verið sett fyrir komandi skólaár og vel var unnið með markmiðin á síðastliðnu skólaári. Innra mat skólans er vel unnið og alltaf er skoðað hvort og hvernig hægt er að gera hlutina betur. Í innra mati skólans er gaman að sjá hve mikil áhersla er lögð á að taka vel á móti börnunum og láta þeim líða vel. Vinnan sem unnin er á deildunum er fjölbreytt og tekur á öllum þáttum sem lagt er til í skólanámskrá og starfsáætlun leikskólans s.s. unnið með gróf- og fínhyfingar, auka sjálfstæði, sjálfshjálp og sjálfstraust og undirbúa börnin fyrir áframhaldandi nám. Námsáætlanir sem deildirnar gerðu fyrir hvern mánuð hafa greinilega verið til góðs og nýst til að gera skólastarfið betra og þægilegra fyrir börnin og starfsfólk. Barn vikunnar er skemmtilegt og spennandi verkefni sem eykur sjálfstraust hjá börnunum. Einnig er mikið um ýmis konar uppbrot sem lífgar upp á skólastarfið. Skólahópurinn fer í mjög margar skemmtilegar ferðir en okkur finnst vanta upp á að það sé gert í meiri mæli fyrir hina aldurshópana, sérstaklega þegar fleiri aldurshópar eru á einni deild eins og verður á Kardemommubæ næsta skólaár. Leikfangasafn var útbúið í leikskólanum til að auðvelda aðgengi að leikföngum auk þess sem það auðveldar starfsfólki að skipta út dóti þannig að börnin fái ekki leið á dótinu og sýni því dóti sem er á deildinni á hverjum tíma meiri áhuga. Vináttuverkefnið Blær sem verður innleitt í leikskólanum næsta haust er áhugavert og það verður gaman að fylgjast með framgangi þess. Börn fædd árin 2013 og 2014 svöruðu spurningum um líðan þeirra í leikskólanum. Niðurstöðurnar voru jákvæðar en við erum sammála um að Barnþing og lagfæringar á skólalóðinni eigi eftir að bæta þær enn meir.

Vel er staðið að sérkennslu í leikskólanum. Sautján börn njóta sérkennslu og stuðnings en alls sinna fimm starfsmenn þeirri kennslu. Í samantekt um sérkennslu og stuðning kemur fram að leikskólinn uppfylli allar helstu kröfur er snúa að sérkennslu og stuðningi að undanskilinni einni athugasemd um að ekki sé til skrifleg áætlun um snemmtæka íhlutun. Leikskólinn áætlar að sú áætlun verði komin á blað sumarið 2020. Auka má samtal við foreldra um þá sérkennslu sem fram fer í leikskólanum, halda þeim upplýstum um áherslur hverju sinni og virkja betur til að styðja við það faglega starf sem unnið er í leikskólanum.

Könnun var lögð fyrir starfsmenn í byrjun árs þar sem fram koma styrkleikar í starfi ásamt því að tækifæri til umbóta eru tilgreind. Þeir þættir sem höfðu lækkað á milli mælinga voru settir upp í umbótatöflu ytra mats. Þeir þættir snúa að móttöku nýliða, stjórnun og upplýsingaflæði auk tilgangs, markmiða og árangurs.

Einnig var lögð fyrir foreldrakönnun á liðnu skólaári. Leikskólinn kom almennt vel út úr þeirri könnun líkt og fyrri ár en tækifæri til umbóta felast helst í auknu samráði við foreldra. Starfsfólk leikskólans hefur tekið vel við ábendingum foreldra frá fyrri könnunum um aukið samtal um starfið á samfélagsmiðlum, þar koma helst fram áminningar um ferðir og upplýsingar um mikilvæga þætti sem einnig eru sendar í tölvupósti. Ný persónuverndarlög hafa eflaust þrengt að starfsfólki leikskólans við að mæta þessum óskum og því takmarkast samskiptin þar við upplýsingagiöf frekar en fréttir af starfi og myndum. Enn þarf þó að halda áfram að huga að þeim þætti sem snýr að samráði við foreldra um starfið og vakna spurningar um hvort slíkt ætti ekki heima meðal umbótaþátta ytra mats leikskólans.

Alls starfa 20 einstaklingar í Hulduheimum þar af eru níu (45%) menntaðir leikskólakennarar og tveir með aðra háskólamenntun. Árið 2018 voru 21 einstaklingur starfandi í Hulduheimum þar af eru sjö (33%) menntaðir leikskólakennarar og þrír með aðra háskólamenntun. Árið 2017 voru 20 starfandi á leikskólanum, þar af átta (40%) menntaðir leikskólakennarar og einn menntaður grunnskólakennari. Árið 2016 voru 21 starfandi á leikskólanum þar af átta (38%) menntaðir leikskólakennarar, einn grunnskólakennari og einn framhaldsskólakennari. Leikskólinn hefur haft hærra hlutfall leikskólakennara í vinnu en almennt gengur og gerist. Meðaltal starfandi leikskólakennara í leikskólum landsins árið 2016 var 32,2%. Ánægjulegt er að sjá að hlutfall leikskólakennara hefur aukist um 12% frá fyrra ári. Mikilvægt er að leikskólinn vinni áfram að því að halda í og laða að sér faglært starfsfólk til starfa.

Vel er staðið að endurmenntun starfsfólks. Endurmenntun fer að mestu fram á starfsdögum en þeir eru sex á hverju skólaári. Mikil fjölbreytni er í fræðslu til starfsfólks sem er ánægjulegt. Auk skólaheimsókna og ráðstefna verður lögð áhersla á Leik að læra auk vinaverkefnisins Blæs. Samtöl stjórnenda við starfsfólk fara fram reglulega. Bæði er um að ræða formleg starfsmannaviðtöl / starfsþróunarviðtöl og önnur óformlegri viðtöl við starfsfólk. Ánægjulegt er að sjá hve vel er staðið að móttöku nýliða á leikskólanum. Niðurstöður könnunnar sem lögð var fyrir starfsfólk gefur þó til kynna að skerpa þurfi á verkferli við móttöku nýliða.

Mikið og gott samstarf hefur verið í vetur við grunnskóla og frístundamiðstöð hverfisins. Markmið samstarfsins er að auðvelda börnunum flutninginn af fyrsta skólastigi á annað, þetta finnst foreldraráðinu frábært. Ítarleg áætlun er um samstarf skólanna þar sem tilteknir eru reglulegir fundir, heimsóknir barna og aðrir viðburðir tengdir skólahópnum. Ánægjulegt er að sjá að skólinn hefur tekið ábendingum úr fyrri umsögn foreldraráðs og nýtt íþróttasalinn fyrir þrjá elstu árganga leikskólans.

Leikskólinn heldur foreldrafundi árlega að hausti þar sem foreldrar eru upplýstir um leikskólastarfið og áherslur deilda. Foreldraráð telur þetta vera mjög jákvætt. Foreldraráð vill þó ítreka fyrri ábendingu um að mögulega mætti auka þátttöku foreldra með því að endurskoða tímasetningu en fundirnir eru haldnir að morgni til frá kl. 9:00-10:00. Sama á við um foreldra kaffi. Foreldraráð telur það til góðs ef möguleiki er á að hafa það á mismunandi tíma dag til þess að koma til móts við mismunandi vinnutíma foreldra. Upplýsingaflæði hefur einnig verið gott frá skólanum til foreldra en flestir viðburðir hafa verið

auglýstir bæði í leikskólanum, á viðburðadagatali og í foreldrahópum á Facebook. Foreldrafélag leikskólans hefur verið virkt á skólaárinu. Fulltrúar foreldraráðs eru ánægðir að í ár var farið í sveitaferð og vonast til að svo verði áfram næstu ár eða a.m.k. annað hvert ár á móti sumarhátíð. Mikið hefur verið um að sömu einstaklingar hafi verið að sinna störfum í foreldrafélagi og foreldraráði. Áfram þarf að vinna í því að efla fleiri foreldra til að taka þátt í því starfi. Ánægjulegt er að sjá að áhersla er á að skipulagsdagar séu samræmdir milli leik- og grunnskóla.

Við viljum að lokum þakka Eddu fráfarandi aðstoðarleikskólastjóra fyrir sitt starf og þökkum um leið Nennu fyrir að bregðast vel við breyttum aðstæðum og fylla í skarðið.

Leikskóladagatal 2019 - 2020

Nafn skóla:

Hulduheimar

Fylgiskjal 4

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ Skipulagsd. leiksk. og grunnskóla	1 F Bangsadagur náttfatadagur	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 S Foreldravíðtöl í mánuðinum	1 M	1 F Verkalýðsdagurinn	1 M Annar í hvítasunnu	1 M
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 M Frídagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S Pálmásunnudagur	5 Þ	5 F	5 S
6 Þ	6 F	6 S	6 M Jarðskjálftaæfing	6 F Kaffihúsastemming	6 M Þrettándinn leikfangadagur	6 F	6 F Dagur leikskólans Skipulagsd. leiksk. og grunnskóla	6 M	6 M	6 L	6 M
7 M	7 L	7 M Brunæfing í vikunni	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S Sjómennadagurinn	7 Þ
8 F	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 F	9 M Aðlögun nýrra barna	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F Skírdagur	9 L	9 Þ	9 F
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 Þ Jarðskjálftaæfing	10 F Föstudagurinn langi	10 S	10 M	10 F
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M Stekkjastaur kemur í kvöld	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F Nestisdagur	12 S Páskadagur	12 Þ	12 F	12 S
13 Þ Opnað eftir sumarleyfi	13 F	13 S	13 M Jólaverkstæði	13 F Jólaball	13 M Brunæfing í vikunni	13 F	13 F	13 M Annar í páskum	13 M	13 L	13 M
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F Kveðjustund útskrift	15 M	15 M
16 F	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 M Lýðveldisdagurinn	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 Þ	20 F	20 S	20 M Dagur mannréttinda barna	20 F	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M Jarðskjálftaæfing Barnamenningar hátíð	20 L Skipulagsdagur	20 M
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ	21 F Barnamenningar hátíð	21 S Uppstigningardagur	21 Þ
22 F Skólasetning grunnskóla	22 S	22 Þ	22 F Skipulagsdagur	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M	22 F Sumardagurinn fyrsti Barnamenningarhátíð	22 F Skipulagsdagur	22 M Hjóladagur
23 F Skipulagsdagur	23 M	23 M	23 L	23 M Þorláksmessa	23 F	23 S Konudagur	23 M	23 F	23 F Barnamenningar hátíð	23 L	23 Þ Hjóladagur
24 L	24 Þ Foreldrafundur kl.17	24 F	24 S	24 Þ Aðfangadagur jóla	24 F Herrakaffi Bóndadagur	24 M	24 M Bolludagur Dömkaffi	24 Þ	24 F Barnamenningar hátíð	24 S	24 M Hjóladagur
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M Jóladagur	25 L	25 Þ Sprengidagur	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L
26 M Aðlögun nýrra barna	26 F Evrópski tungumáladagurinn	26 L	26 Þ	26 F Annar í jólum	26 S	26 M Öskudagur	26 F	26 S	26 F Barnamenningar hátíð	26 Þ	26 F Snúðahlaup
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ Vasaljósadagur	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F		30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 L		31 F		31 Þ Gamlársdagur	31 F		31 Þ		31 S Hvítasunnudagur		31 F

Viðmið um árangur
Niðurstöður metnar - náðust markmið?

Viðmið um árangur
Niðurstöður metnar - náðust markmið?

Feb 2019

Námsáætlun Sólskinsbæjar, unnin út frá starfsáætlun, skólanámskrá og starfsáætlun

Umbótaþættir	Markmið með umbótum. <i>Að hverju er stefnt?</i>	Aðgerðir til umbóta: Hvar og hvernig	Tíma-áætlun	Tókst + Ekki -	Viðmið um árangur náðust markmið, voru börnin ánægð, tóku þau þátt.	Endurmat,
3.1. Málþroski, letrarfærni og lesskilningur	Unnið samkvæmt læsisjafnréttisáætlun Hulduheima. Unnið með orð tengt vetrinum frá miðjum nóv og út apríl. Lubbi tengist þessu. Börnin læra jólalög og vísur.	Samverustundum, fataklefa, við matarborðið. Vöndum ávalt málfar okkar. Lestur, þulur, söngur, vísur, rím, (bull rím í Lubbastundum) daglegar athafnir, umræða, opnar spurningar, hlustun, barn vikunnar, ferilmappa, skráningar, loðtöflusögur. Lög tengd þorranum. Byrium að syngja lög tengd Góu.	Allt árið Til 15. feb Byrja 18. feb.			
3.2 Verk-, tækni- og listnám. Menningarviðburðir	Útinám- gönguferð með áhersla á nærumhverfi leikskólans. Útivera.	Útinám-rigning (snjórinn, rigning) áhersla á að börnin læri að vera í hóp, fari að fyrirmælum, kanni umhverfi sitt. Norður garður. Útivera daglega, áhersla á sjálfstæði, koma börnum í leik, leika með þeim og vera til staðar. Dagur leikskólans mynd teiknuð/lituð og barnið segir sögu og kennari skrifar hana. Dömkaffi.	Einu sinni í mán. Allt árið Unnið fyrir 6. feb. 25. feb.			

3.3 Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi	Einkunnarorðin Virðing, gleði, vinátta ávalt höfð að leiðarljósi í starfinu, öllum samskiptum og gerð sýnilegri í leikskólanum	Einkunnarorðin hengt upp á vegg sem og táknrænar ljósmyndir af börnunum í leik og starfi. Þær hengdar upp á vegg með börnunum og talað um þær í leiðinni. Vera með börnunum í leik, leiðbeina þeim í samskiptum, kenna virðingu, gleði og vináttu.	Unnið með þetta allt árið		
Umbótaþættir	Markmið með umbótum. Að hverju er stefnt?	Aðgerðir til umbóta: Hvar og hvernig	Tíma-áætlun	Tókst + Ekki -	Endurmat; náðust markmið?
3.4 Fjölmening	Unnið samkvæmt læsis-jafnréttisáætlun Hulduheima	Markmið að Henrik og Kalína fái eina til tvær málörvunarstundir á viku. Áhersla á að talað sé rólega við þau einföld orð, bækur skoðaðar. Orð lögð á hluti. 10 mínútna reglan, allir starfsmenn.	Daglega	tókst	lögð áhersla á að tala við þau, leiðréttá bara með því að segja orðin rétt. Hvetja þau til samræðna. Lesið fyrir þau stuttar sögur og talað um myndirnar.
4 Aðrar áherslur í starfi leikskólans	Vinna áfram að því að uppfylla skrefin sjö. Skoða gátlista einu sinni á hvorri önn.	Á deildarfundi.			
Dagskipulag.	Ná að vinna eftir því.	Samverustundir	Daglega	tókst	þrisvar á dag, áhugasöm og virk
		Útivera	Daglega	tókst	einu sinni á dag, áhugasöm og virk dugleg að leika sér
		Tónlistarstundir/dans	1 x vika	tókst að hluta til	tvisvar var höfð dansstund einu sinni tónlistarstund
		Lubbastundir	1 x vika	tókst	1 hljóð á tveimur vikum, börn áhugasöm og virk
		Útinám/gönguferðir	1 X mán	tókst að hluta til	farið var í eina gönguferð með eldri börnin, áhugasöm og höfðu gaman að
		Flæði/samverustund	1 x vika	tókst ekki	þessi samverustund datt alveg niður
		Dagur stærðfræðinnar	1. feb.	tókst	unnum með tölur og börnin voru áhugasöm og tóku þátt, hópavinna

		Leikur á deild	Daglega	tókst	unnið með samvinnu og samveru.
		Leikur að læra	1 x vika	tókst	Gekk mjög vel og börnin ánægð
		Nestisdagur	8. feb.	tókst	allir komu með nesti og áttu ánægjulega stund við morgunverðarborðið
	Stafur b. unnin í vikunni	Alþjóðadagur móðurmálsins	21. feb.	tókst	allir gerðu sinn staf á blað og máluðu hann, skemmtilegt og allir höfðu gaman að
	Áhersla á fínhyfiverkefni.	Klippa , perla, þræða , leira o.fl. Hvert barn geri þetta ca. þrisvar í viku	3 x viku	tókst	unnið í rólegum stundum og börnin áhugasöm og tóku þátt.
	Klippa og líma	Eftir hvíld verður daglega lögð áhersla á að börnin klippi og þræði perlur á band. Fínhyfingar. (litir, telja o.fl.)	Daglega	tókst	gekk vel og flest börn höfðu áhuga á þessu verkefni.

